



Dreifing ferðamanna um landið

Talningar ferðamanna á áfangastöðum

Rögnvaldur Ólafsson

Gyða Þórhallsdóttir



Dreifing ferðamanna um landið

Talningar ferðamanna á áfangastöðum

Rögnvaldur Ólafsson

Gyða Þórhallsdóttir



Febrúar 2017

© Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir

Útgefandi: Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands, Sæmundargötu 2, 101 Reykjavík

Forsíðumynd: Almagnagjá á Þingvöllum. Ljósmynd: Rögnvaldur Ólafsson

ISBN: 978-9935-9265-8-6

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
1.1	Upphaf talninga á áfangastöðum ferðamanna á Íslandi	1
1.2	Frekari talningar.....	4
1.3	Skipulag áfangastaða ferðamanna	5
2	Aðferðir	9
2.1	Teljararnir.....	9
2.2	Kvörðun bifreiðateljara	10
2.3	Meðalfjöldi í bifreið	11
2.4	Tímabilin	12
3	Ferðaleiðir og dreifing ferðamanna um landið	13
3.1	Dreifing um landið	13
3.2	Talningar Vegagerðarinnar	16
3.3	Snæfellsnes	18
3.4	Suðurfirðir Vestfjarða	21
3.5	Vatnsnes.....	22
3.5.2	Hvítserkur og Illugastaðir	23
3.6	Mývatnssveit.....	28
4	Tölulegar niðurstöður.....	31
4.1	Suðurland.....	31
4.1.1	Hakið á Þingvöllum	31
4.1.2	Sólheimajökull	37
4.1.3	Fjaðrárgljúfur.....	43
4.1.4	Fjallsárlón	49
4.1.5	Jökulsárlón.....	55
4.1.6	Fláajökull.....	61
4.1.7	Litla Horn	66
4.2	Reykjanes	73
4.2.1	Seltún í Krýsuvík	73
4.2.2	Reykjanesviti.....	79
4.2.3	Garðskagi.....	84
4.3	Vesturland.....	89
4.3.1	Glanni	89
4.3.2	Deildartunguhver	94
4.3.3	Hraunfossar	99
4.3.4	Djúpalónssandur.....	105
4.3.5	Eiríksstaðir	111
4.4	Vestfirðir	114
4.4.1	Dynjandi.....	114
4.4.2	Látrabjarg	117
4.4.3	Rauðisandur.....	120
4.5	Norðurland.....	123
4.5.1	Illugastaðir	123

4.5.2	Hvítserkur	127
4.5.3	Dimmuborgir í Mývatnssveit	132
4.5.4	Hverfjall í Mývatnssveit	138
4.5.5	Hverarönd í Mývatnssveit	143
4.5.6	Heimskautsgerðið á Raufarhöfn	149
5	Lokaorð	153
6	Heimildaskrá	155

Myndaskrá

1. mynd. Teljari.....	9
2. mynd. Bifreiðateljara komið fyrir í vegkanti.....	9
3. mynd. Skaftafell: Fjöldi í einkabílum.	11
4. mynd. Meðalfjöldi bifreiða á dag á háönn 2016.	14
5. mynd. Dreifing gesta um landið í ágúst 2016 miðað við Keflavík.	15
6. mynd. Dreifing gesta um landið í október 2016 miðað við Keflavík.	15
7. mynd. Kort af utanverðu Snæfellsnesi sem sýnir vegi og vegkafla.	18
8. mynd. Umferð á Útnesvegi samkvæmt talningum Vegagerðarinnar 2010 til 2014. Árið 2015 er nálgast frá umferð á þjóðvegi 54 við Hraunsmúla og Fróðárheiði.....	19
9. mynd. Hvernig umferð á Útnesvegi, 574, breytist frá gatnamótum við Snæfellsnesveg, 54, út að Gufuskálum. Viðmiðun er syðri inngangur í þjóðgarðinn hjá Dagverðará.	20
10. mynd. Fjöldi bifreiða sem ók til Rauðasands og Látrabjargs sumarið 2016.	21
11. mynd. Umferð á veginum um Vatnsnes (þjóðvegur 711) og niður að Hvítserk (vegur 713) samkvæmt skyndikönnun Vegagerðarinnar árið 2015.	23
12. mynd. Ferðamenn sem koma að Hvítserk og Illugastöðum sumarið 2016 samkvæmt talningum skýrsluhöfunda.	24
13. mynd. Þjóðvegur 711-01 á vestanverðu Vatnsnesi norðan Hvammstanga.	24
14. mynd. Þjóðvegur 711-07, austurendi við þjóðveg 1 hjá Vatnshorni.....	25
15. mynd. Kort af Vatnsnesi sem sýnir vegakerfið og hvar skynditalningar Vegagerðarinnar voru gerðar sumarið 2014.	26
16. mynd. Skyndikannanir Vegagerðarinnar á Vatnsnesi 28. ágúst til 9. september 2014.	27
17. mynd. Talningar Vegagerðarinnar á Mývatnsheiði (umferð, ekki deilt með 2).	28
18. mynd. Talningar Vegagerðarinnar á Mývatnsöræfum (umferð, ekki deilt með 2).	29
19. mynd. Talningar Vegagerðarinnar á Hólasandi (umferð, ekki deilt með 2).	29
20. mynd. Ferðaleiðir við Mývatn í ágúst 2015. Hlutfall ferðamanna sem kemur eftir mismunandi leiðum í Sveitina (*) og hlutfall ferðamanna sem heimsækir helstu áfangastaði (**).	30
21. mynd. Hakið á Þingvöllum: Bifreiðar á tímabili.	31
22. mynd. Hakið á Þingvöllum: Gestir á tímabili.	32
23. mynd. Hakið á Þingvöllum: Bifreiðar á viku.	32
24. mynd. Hakið á Þingvöllum: Gestir á viku.	33
25. mynd. Hakið á Þingvöllum: Bifreiðar á mánuði.	33
26. mynd. Hakið á Þingvöllum: Gestir á mánuði.	34
27. mynd. Hakið á Þingvöllum: Bifreiðar á klukkustund á háönn.	35
28. mynd. Hakið á Þingvöllum: Gestir á klukkustund á háönn.	35
29. mynd. Hakið á Þingvöllum: Bifreiðar eftir vikudögum á háönn.	35
30. mynd. Hakið á Þingvöllum: Gestir eftir vikudögum á háönn.	35
31. mynd. Hakið á Þingvöllum: Bifreiðar á klukkustund um hávetur.	36
32. mynd. Hakið á Þingvöllum: Gestir á klukkustund um hávetur.	36
33. mynd. Hakið á Þingvöllum: Bifreiðar eftir vikudögum um hávetur.	36
34. mynd. Hakið á Þingvöllum: Gestir eftir vikudögum um hávetur.	36

35. mynd. Sólheimajökull: Bifreiðar á tímabili.	37
36. mynd. Sólheimajökull: Gestir á tímabili.	38
37. mynd. Sólheimajökull: Bifreiðar á viku.	38
38. mynd. Sólheimajökull: Gestir á viku.	39
39. mynd. Sólheimajökull: Bifreiðar á mánuði.	39
40. mynd. Sólheimajökull: Gestir á mánuði.	40
41. mynd. Sólheimajökull: Bifreiðar á klukkustund á háönn.	41
42. mynd. Sólheimajökull: Gestir á klukkustund á háönn.	41
43. mynd. Sólheimajökull: Bifreiðar eftir vikudögum á háönn.	41
44. mynd. Sólheimajökull: Gestir eftir vikudögum á háönn.	41
45. mynd. Sólheimajökull: Bifreiðar á klukkustund um hávetur.	42
46. mynd. Sólheimajökull: Gestir á klukkustund um hávetur.	42
47. mynd. Sólheimajökull: Bifreiðar eftir vikudögum um hávetur.	42
48. mynd. Sólheimajökull: Gestir eftir vikudögum um hávetur.	42
49. mynd. Fjaðrárgljúfur: Bifreiðar á tímabili.	43
50. mynd. Fjaðrárgljúfur: Gestir á tímabili.	44
51. mynd. Fjaðrárgljúfur: Bifreiðar á viku.	44
52. mynd. Fjaðrárgljúfur: Gestir á viku.	45
53. mynd. Fjaðrárgljúfur: Bifreiðar á mánuði.	45
54. mynd. Fjaðrárgljúfur: Gestir á mánuði.	46
55. mynd. Fjaðrárgljúfur: Bifreiðar á klukkustund á háönn.	47
56. mynd. Fjaðrárgljúfur: Gestir á klukkustund á háönn.	47
57. mynd. Fjaðrárgljúfur: Bifreiðar eftir vikudögum á háönn.	47
58. mynd. Fjaðrárgljúfur: Gestir eftir vikudögum á háönn.	47
59. mynd. Fjaðrárgljúfur: Bifreiðar á klukkustund um hávetur.	48
60. mynd. Fjaðrárgljúfur: Gestir á klukkustund um hávetur.	48
61. mynd. Fjaðrárgljúfur: Bifreiðar eftir vikudögum um hávetur.	48
62. mynd. Fjaðrárgljúfur: Gestir eftir vikudögum um hávetur.	48
63. mynd. Fjallsárlón: Bifreiðar á tímabili.	49
64. mynd. Fjallsárlón: Gestir á tímabili.	50
65. mynd. Fjallsárlón: Bifreiðar á viku.	50
66. mynd. Fjallsárlón: Gestir á viku.	51
67. mynd. Fjallsárlón: Bifreiðar á mánuði.	51
68. mynd. Fjallsárlón: Gestir á mánuði.	52
69. mynd. Fjallsárlón: Bifreiðar á klukkustund á háönn.	53
70. mynd. Fjallsárlón: Gestir á klukkustund á háönn.	53
71. mynd. Fjallsárlón: Bifreiðar eftir vikudögum á háönn.	53
72. mynd. Fjallsárlón: Gestir eftir vikudögum á háönn.	53
73. mynd. Fjallsárlón: Bifreiðar á klukkustund um hávetur.	54
74. mynd. Fjallsárlón: Gestir á klukkustund um hávetur.	54
75. mynd. Fjallsárlón: Bifreiðar eftir vikudögum um hávetur.	54
76. mynd. Fjallsárlón: Gestir eftir vikudögum um hávetur.	54
77. mynd. Jökulsárlón: Bifreiðar á tímabili.	55
78. mynd. Jökulsárlón: Gestir á tímabili.	56
79. mynd. Jökulsárlón: Bifreiðar á viku.	56
80. mynd. Jökulsárlón: Gestir á viku.	57
81. mynd. Jökulsárlón: Bifreiðar á mánuði.	57

82. mynd. Jökulsárlón: Gestir á mánuði.....	58
83. mynd. Jökulsárlón: Bifreiðar á klukkustund á háönn.	59
84. mynd. Jökulsárlón: Gestir á klukkustund á háönn.	59
85. mynd. Jökulsárlón: Bifreiðar eftir vikudögum á háönn.	59
86. mynd. Jökulsárlón: Gestir eftir vikudögum á háönn.	59
87. mynd. Jökulsárlón: Bifreiðar á klukkustund um hávetur.	60
88. mynd. Jökulsárlón: Gestir á klukkustund um hávetur.....	60
89. mynd. Jökulsárlón: Bifreiðar eftir vikudögum um hávetur.	60
90. mynd. Jökulsárlón: Gestir eftir vikudögum um hávetur.	60
91. mynd. Fláajökull: Bifreiðar á tímabili.	61
92. mynd. Fláajökull: Gestir á tímabili.....	62
93. mynd. Fláajökull: Bifreiðar á viku.	62
94. mynd. Fláajökull: Gestir á viku.	63
95. mynd. Fláajökull: Bifreiðar á mánuði.	63
96. mynd. Fláajökull: Gestir á mánuði.....	64
97. mynd. Fláajökull: Bifreiðar á klukkustund á háönn.	64
98. mynd. Fláajökull: Gestir á klukkustund á háönn.	64
99. mynd. Fláajökull: Bifreiðar eftir vikudögum á háönn.....	65
100. mynd. Fláajökull: Gestir eftir vikudögum á háönn.....	65
101. mynd. Litla Horn: Bifreiðar á tímabili.	67
102. mynd. Litla Horn: Gestir á tímabili.	67
103. mynd. Litla Horn: Bifreiðar á viku.....	68
104. mynd. Litla Horn: Gestir á viku.	68
105. mynd. Litla Horn: Bifreiðar á mánuði.	69
106. mynd. Litla Horn: Gestir á mánuði.	69
107. mynd. Litla Horn: Bifreiðar á klukkustund á háönn.	70
108. mynd. Litla Horn: Gestir á klukkustund á háönn.....	70
109. mynd. Litla Horn: Bifreiðar eftir vikudögum á háönn.	71
110. mynd. Litla Horn: Gestir eftir vikudögum á háönn.....	71
111. mynd. Litla Horn: Bifreiðar á klukkustund um hávetur.....	71
112. mynd. Litla Horn: Gestir á klukkustund um hávetur.	71
113. mynd. Litla Horn: Bifreiðar eftir vikudögum um hávetur.....	72
114. mynd. Litla Horn: Gestir eftir vikudögum um hávetur.....	72
115. mynd. Seltún í Krýsuvík: Bifreiðar á tímabili.	73
116. mynd. Seltún í Krýsuvík: Gestir á tímabili.....	74
117. mynd. Seltún í Krýsuvík: Bifreiðar á viku.	74
118. mynd. Seltún í Krýsuvík: Gestir á viku.	75
119. mynd. Seltún í Krýsuvík: Bifreiðar á mánuði.	75
120. mynd. Seltún í Krýsuvík: Gestir á mánuði.....	76
121. mynd. Seltún í Krýsuvík: Bifreiðar á klukkustund á háönn.....	77
122. mynd. Seltún í Krýsuvík: Gestir á klukkustund á háönn.	77
123. mynd. Seltún í Krýsuvík: Bifreiðar eftir vikudögum á háönn.....	77
124. mynd. Seltún í Krýsuvík: Gestir eftir vikudögum á háönn.....	77
125. mynd. Seltún í Krýsuvík: Bifreiðar á klukkustund um hávetur.	78
126. mynd. Seltún í Krýsuvík: Gestir á klukkustund um hávetur.	78
127. mynd. Seltún í Krýsuvík: Bifreiðar eftir vikudögum um hávetur.....	78
128. mynd. Seltún í Krýsuvík: Gestir eftir vikudögum um hávetur.	78

129. mynd. Reykjanesviti: Bifreiðar á tímabili.....	79
130. mynd. Reykjanesviti: Gestir á tímabili.....	80
131. mynd. Reykjanesviti: Bifreiðar á viku.....	80
132. mynd. Reykjanesviti: Gestir á viku.....	81
133. mynd. Reykjanesviti: Bifreiðar á mánuði.....	81
134. mynd. Reykjanesviti: Gestir á mánuði.....	82
135. mynd. Reykjanesviti: Bifreiðar á klukkustund á háönn.....	82
136. mynd. Reykjanesviti: Gestir á klukkustund á háönn.....	82
137. mynd. Reykjanesviti: Bifreiðar eftir vikudögum á háönn.....	83
138. mynd. Reykjanesviti: Gestir eftir vikudögum á háönn.....	83
139. mynd. Garðskagi: Bifreiðar á tímabili.....	84
140. mynd. Garðskagi: Gestir á tímabili.....	85
141. mynd. Garðskagi: Bifreiðar á viku.....	85
142. mynd. Garðskagi: Gestir á viku.....	86
143. mynd. Garðskagi: Bifreiðar á mánuði.....	86
144. mynd. Garðskagi: Gestir á mánuði.....	87
145. mynd. Garðskagi: Bifreiðar á klukkustund á háönn.....	87
146. mynd. Garðskagi: Gestir á klukkustund á háönn.....	87
147. mynd. Garðskagi: Bifreiðar eftir vikudögum á háönn.....	88
148. mynd. Garðskagi: Gestir eftir vikudögum á háönn.....	88
149. mynd. Glanni: Bifreiðar á tímabili.....	89
150. mynd. Glanni: Gestir á tímabili.....	90
151. mynd. Glanni: Bifreiðar á viku.....	90
152. mynd. Glanni: Gestir á viku.....	91
153. mynd. Glanni: Bifreiðar á mánuði.....	91
154. mynd. Glanni: Gestir á mánuði.....	92
155. mynd. Glanni: Bifreiðar á klukkustund á háönn.....	92
156. mynd. Glanni: Gestir á klukkustund á háönn.....	92
157. mynd. Glanni: Bifreiðar eftir vikudögum á háönn.....	93
158. mynd. Glanni: Gestir eftir vikudögum á háönn.....	93
159. mynd. Deildartunguhver: Bifreiðar á tímabili.....	94
160. mynd. Deildartunguhver: Gestir á tímabili.....	95
161. mynd. Deildartunguhver: Bifreiðar á viku.....	95
162. mynd. Deildartunguhver: Gestir á viku.....	96
163. mynd. Deildartunguhver: Bifreiðar á mánuði.....	96
164. mynd. Deildartunguhver: Gestir á mánuði.....	97
165. mynd. Deildartunguhver: Bifreiðar á klukkustund á háönn.....	97
166. mynd. Deildartunguhver: Gestir á klukkustund á háönn.....	97
167. mynd. Deildartunguhver: Bifreiðar eftir vikudögum á háönn.....	98
168. mynd. Deildartunguhver: Gestir eftir vikudögum á háönn.....	98
169. mynd. Hraunfossar: Bifreiðar á tímabili.....	99
170. mynd. Hraunfossar: Gestir á tímabili.....	100
171. mynd. Hraunfossar: Bifreiðar á viku.....	100
172. mynd. Hraunfossar: Gestir á viku.....	101
173. mynd. Hraunfossar: Bifreiðar á mánuði.....	101
174. mynd. Hraunfossar: Gestir á mánuði.....	102
175. mynd. Hraunfossar: Bifreiðar á klukkustund á háönn.....	103

176. mynd. Hraunfossar: Gestir á klukkustund á háönn.....	103
177. mynd. Hraunfossar: Bifreiðar eftir vikudögum á háönn.	103
178. mynd. Hraunfossar: Gestir eftir vikudögum á háönn.....	103
179. mynd. Hraunfossar: Bifreiðar á klukkustund um hávetur.....	104
180. mynd. Hraunfossar: Gestir á klukkustund um hávetur.	104
181. mynd. Hraunfossar: Bifreiðar eftir vikudögum um hávetur.....	104
182. mynd. Hraunfossar: Gestir eftir vikudögum um hávetur.	104
183. mynd. Djúpalónssandur: Bifreiðar á tímabili.	105
184. mynd. Djúpalónssandur: Gestir á tímabili.....	106
185. mynd. Djúpalónssandur: Bifreiðar á viku.	106
186. mynd. Djúpalónssandur: Gestir á viku.	107
187. mynd. Djúpalónssandur: Bifreiðar á mánuði.	107
188. mynd. Djúpalónssandur: Gestir á mánuði.....	108
189. mynd. Djúpalónssandur: Bifreiðar á klukkustund á háönn.	109
190. mynd. Djúpalónssandur: Gestir á klukkustund á háönn.	109
191. mynd. Djúpalónssandur: Bifreiðar eftir vikudögum á háönn.....	109
192. mynd. Djúpalónssandur: Gestir eftir vikudögum á háönn.	109
193. mynd. Djúpalónssandur: Bifreiðar á klukkustund um hávetur.	110
194. mynd. Djúpalónssandur: Gestir á klukkustund um hávetur.	110
195. mynd. Djúpalónssandur: Bifreiðar eftir vikudögum um hávetur.	110
196. mynd. Djúpalónssandur: Gestir eftir vikudögum um hávetur.	110
197. mynd. Eiríksstaðir: Bifreiðar á tímabili.	111
198. mynd. Eiríksstaðir: Gestir á tímabili.	111
199. mynd. Eiríksstaðir: Bifreiðar á viku.....	112
200. mynd. Eiríksstaðir: Gestir á viku.	112
201. mynd. Eiríksstaðir: Bifreiðar á mánuði.	112
202. mynd. Eiríksstaðir: Gestir á mánuði.	112
203. mynd. Eiríksstaðir: Bifreiðar á klukkustund á háönn.	113
204. mynd. Eiríksstaðir: Gestir á klukkustund á háönn.....	113
205. mynd. Eiríksstaðir: Bifreiðar eftir vikudögum á háönn.	113
206. mynd. Eiríksstaðir: Gestir eftir vikudögum á háönn.....	113
207. mynd. Dynjandi: Bifreiðar á tímabili.	114
208. mynd. Dynjandi: Gestir á tímabili.....	114
209. mynd. Dynjandi: Bifreiðar á viku.	115
210. mynd. Dynjandi: Gestir á viku.	115
211. mynd. Dynjandi: Bifreiðar á mánuði.	115
212. mynd. Dynjandi: Gestir á mánuði.....	115
213. mynd. Dynjandi: Bifreiðar á klukkustund á háönn.	116
214. mynd. Dynjandi: Gestir á klukkustund á háönn.	116
215. mynd. Dynjandi: Bifreiðar eftir vikudögum á háönn.....	116
216. mynd. Dynjandi: Gestir eftir vikudögum á háönn.	116
217. mynd. Látrabjarg: Bifreiðar á tímabili.	117
218. mynd. Látrabjarg: Gestir á tímabili.....	117
219. mynd. Látrabjarg: Bifreiðar á viku.....	118
220. mynd. Látrabjarg: Gestir á viku.	118
221. mynd. Látrabjarg: Bifreiðar á mánuði.	118
222. mynd. Látrabjarg: Gestir á mánuði.....	118

223. mynd. Látrabjarg: Bifreiðar á klukkustund á háönn.....	119
224. mynd. Látrabjarg: Gestir á klukkustund á háönn.	119
225. mynd. Látrabjarg: Bifreiðar eftir vikudögum á háönn.....	119
226. mynd. Látrabjarg: Gestir eftir vikudögum á háönn.....	119
227. mynd. Rauðisandur: Bifreiðar á tímabili.	120
228. mynd. Rauðisandur: Gestir á tímabili.....	120
229. mynd. Rauðisandur: Bifreiðar á viku.	121
230. mynd. Rauðisandur: Gestir á viku.	121
231. mynd. Rauðisandur: Bifreiðar á mánuði.	121
232. mynd. Rauðisandur: Gestir á mánuði.....	121
233. mynd Rauðisandur: Bifreiðar á klukkustund á háönn.	122
234. mynd. Rauðisandur: Gestir á klukkustund á háönn.	122
235. mynd. Rauðisandur: Bifreiðar eftir vikudögum á háönn.....	122
236. mynd. Rauðisandur: Gestir eftir vikudögum á háönn.	122
237. mynd. Illugastaðir: Bifreiðar á tímabili.	123
238. mynd. Illugastaðir: Gestir á tímabili.	123
239. mynd. Illugastaðir: Bifreiðar á viku.	124
240 mynd. Illugastaðir: Gestir á viku.....	124
241 mynd. Illugastaðir: Bifreiðar á mánuði.....	125
242. mynd. Illugastaðir: Gestir á mánuði.	125
243. mynd. Illugastaðir: Bifreiðar á klukkustund á háönn.	125
244. mynd. Illugastaðir: Gestir á klukkustund á háönn.....	125
245. mynd. Illugastaðir: Bifreiðar eftir vikudögum á háönn.	126
246. mynd. Illugastaðir: Gestir eftir vikudögum á háönn.	126
247. mynd. Hvítserkur: Bifreiðar á tímabili.	127
248. mynd. Hvítserkur: Gestir á tímabili.	128
249. mynd. Hvítserkur: Bifreiðar á viku.....	128
250. mynd. Hvítserkur: Gestir á viku.	129
251. mynd. Hvítserkur: Bifreiðar á mánuði.	129
252. mynd. Hvítserkur: Gestir á mánuði.	130
253. mynd. Hvítserkur: Bifreiðar á klukkustund á háönn.	131
254. mynd. Hvítserkur: Gestir á klukkustund á háönn.....	131
255. mynd. Hvítserkur: Bifreiðar eftir vikudögum á háönn.	131
256. mynd. Hvítserkur: Gestir eftir vikudögum á háönn.	131
257. mynd. Dimmuborgir: Bifreiðar á tímabili.	132
258. mynd. Dimmuborgir: Gestir á tímabili.	133
259. mynd. Dimmuborgir: Bifreiðar á viku.....	133
260. mynd. Dimmuborgir: Gestir á viku.	134
261. mynd. Dimmuborgir: Bifreiðar á mánuði.	134
262. mynd. Dimmuborgir: Gestir á mánuði.	135
263. mynd. Dimmuborgir: Bifreiðar á klukkustund á háönn.....	136
264. mynd. Dimmuborgir: Gestir á klukkustund á háönn.....	136
265. mynd. Dimmuborgir: Bifreiðar eftir vikudögum á háönn.	136
266. mynd. Dimmuborgir: Gestir eftir vikudögum á háönn.....	136
267. mynd. Dimmuborgir: Bifreiðar á klukkustund um hávetur.	137
268. mynd. Dimmuborgir: Gestir á klukkustund um hávetur.	137
269. mynd. Dimmuborgir: Bifreiðar eftir vikudögum um hávetur.....	137

270. mynd. Dimmuborgir: Gestir eftir vikudögum um hávetur.	137
271. mynd. Hverfjall: Bifreiðar á tímabili.	138
272. mynd. Hverfjall: Gestir á tímabili.....	139
273. mynd. Hverfjall: Bifreiðar á viku.....	139
274. mynd. Hverfjall: Gestir á viku.	140
275. mynd. Hverfjall: Bifreiðar á mánuði.	140
276. mynd. Hverfjall: Gestir á mánuði.	141
277. mynd. Hverfjall: Bifreiðar á klukkustund á háönn.....	142
278. mynd. Hverfjall: Gestir á klukkustund á háönn.	142
279. mynd. Hverfjall: Bifreiðar eftir vikudögum á háönn.	142
280. mynd. Hverfjall: Gestir eftir vikudögum á háönn.....	142
281. mynd. Hverarönd: Bifreiðar á tímabili.....	143
282. mynd. Hverarönd: Gestir á tímabili.	144
283. mynd. Hverarönd: Bifreiðar á viku.	144
284. mynd. Hverarönd: Gestir á viku.	145
285. mynd. Hverarönd: Bifreiðar á mánuði.	145
286. mynd. Hverarönd: Gestir á mánuði.....	146
287. mynd. Hverarönd: Bifreiðar á klukkustund á háönn.	147
288. mynd. Hverarönd: Gestir á klukkustund á háönn.	147
289. mynd. Hverarönd: Bifreiðar eftir vikudögum á háönn.....	147
290. mynd. Hverarönd: Gestir eftir vikudögum á háönn.	147
291. mynd. Hverarönd: Bifreiðar á klukkustund um hávetur.	148
292. mynd. Hverarönd: Gestir á klukkustund um hávetur.	148
293. mynd. Hverarönd: Bifreiðar eftir vikudögum um hávetur.	148
294. mynd. Hverarönd: Gestir eftir vikudögum um hávetur.	148
295. mynd. Heimskautsgerði: Bifreiðar á tímabili.....	149
296. mynd. Heimskautsgerði: Gestir á tímabili.	149
297. mynd. Heimskautsgerði: Bifreiðar á viku.	150
298. mynd. Heimskautsgerði: Gestir á viku.....	150
299. mynd. Heimskautsgerði: Bifreiðar á mánuði.....	151
300. mynd. Heimskautsgerði: Gestir á mánuði.	151
301. mynd. Heimskautsgerði: Bifreiðar á klukkustund á háönn.	151
302. mynd. Heimskautsgerði: Gestir á klukkustund á háönn.	151
303. mynd. Heimskautsgerði: Bifreiðar eftir vikudögum á háönn.	152
304. mynd. Heimskautsgerði: Gestir eftir vikudögum á háönn.	152

Töfluskrá

1. tafla. Meðalfjöldi fólks í bifreiðum á þjóðvegum samkvæmt umferðarkönnunum Vegagerðarinnar borinn saman við handtalningu í Skaftafelli.	11
2. tafla. Skýring á ferðatímabilum sem rannsóknin miðar við, hér eru settar fram dagsetningar fyrir árið 2016.	12
3. tafla. Hakið á Þingvöllum: Meðalfjöldi bifreiða á dag.	31
4. tafla. Hakið á Þingvöllum: Meðalfjöldi gesta á dag.	31
5. tafla. Hakið á Þingvöllum: Hlutfallsleg breyting í fjölda gesta.	34
6. tafla. Sólheimajökull: Meðalfjöldi bifreiða á dag.	37
7. tafla. Sólheimajökull: Meðalfjöldi gesta á dag.	37
8. tafla. Sólheimajökull: Hlutfallsleg breyting í fjölda gesta.	40
9. tafla. Fjaðrárgljúfur: Meðalfjöldi bifreiða á dag.	43
10. tafla. Fjaðrárgljúfur: Meðalfjöldi gesta á dag.	43
11. tafla. Fjaðrárgljúfur: Hlutfallsleg breyting í fjölda gesta.	46
12. tafla. Fjallsárlón: Meðalfjöldi bifreiða á dag.	49
13. tafla. Fjallsárlón: Meðalfjöldi gesta á dag.	49
14. tafla. Fjallsárlón: Hlutfallsleg breyting í fjölda gesta.	52
15. tafla. Fjallsárlón: Hlutfallsleg breyting í fjölda gesta 2014 til 2016.	52
16. tafla. Jökulsárlón: Meðalfjöldi bifreiða á dag.	55
17. tafla. Jökulsárlón: Meðalfjöldi gesta á dag.	55
18. tafla. Jökulsárlón: Hlutfallsleg breyting í fjölda gesta.	58
19. tafla. Fláajökull: Meðalfjöldi bifreiða á dag.	61
20. tafla. Fláajökull: Meðalfjöldi gesta á dag.	61
21. tafla. Litla Horn: Meðalfjöldi bifreiða á dag.	66
22. tafla. Litla Horn: Meðalfjöldi gesta á dag.	66
23. tafla. Litla Horn: Hlutfallsleg breyting í fjölda gesta.	70
24. tafla. Seltún í Krýsuvík: Meðalfjöldi bifreiða á dag.	73
25. tafla. Seltún í Krýsuvík: Meðalfjöldi gesta á dag.	73
26. tafla. Seltún í Krýsuvík: Hlutfallsleg breyting í fjölda gesta.	76
27. tafla. Reykjanesviti: Meðalfjöldi bifreiða á dag.	79
28. tafla. Reykjanesviti: Meðalfjöldi gesta á dag.	79
29. tafla. Garðskagi: Meðalfjöldi bifreiða á dag.	84
30. tafla. Garðskagi: Meðalfjöldi gesta á dag.	84
31. tafla. Glanni: Meðalfjöldi bifreiða á dag.	89
32. tafla. Glanni: Meðalfjöldi gesta á dag.	89
33. tafla. Deildartunguhver: Meðalfjöldi bifreiða á dag.	94
34. tafla. Deildartunguhver: Meðalfjöldi gesta á dag.	94
35. tafla. Hraunfossar: Meðalfjöldi bifreiða á dag.	99
36. tafla. Hraunfossar: Meðalfjöldi gesta á dag.	99
37. tafla. Hraunfossar: Hlutfallsleg breyting í fjölda gesta.	102
38. tafla. Djúpalónssandur: Meðalfjöldi bifreiða á dag.	105
39. tafla. Djúpalónssandur: Meðalfjöldi gesta á dag.	105
40. tafla. Djúpalónssandur: Hlutfallsleg breyting í fjölda gesta.	108
41. tafla. Eiríksstaðir: Meðalfjöldi bifreiða á dag.	111
42. tafla. Eiríksstaðir: Meðalfjöldi gesta á dag.	111

43. tafla. Dynjandi: Meðalfjöldi bifreiða á dag.....	114
44. tafla. Dynjandi: Meðalfjöldi gesta á dag.....	114
45. tafla. Látrabjarg: Meðalfjöldi bifreiða á dag.....	117
46. tafla. Látrabjarg: Meðalfjöldi gesta á dag.	117
47. tafla. Rauðisandur: Meðalfjöldi bifreiða á dag.....	120
48. tafla. Rauðisandur: Meðalfjöldi gesta á dag.....	120
49. tafla. Illugastaðir: Meðalfjöldi bifreiða á dag.	123
50. tafla. Illugastaðir: Meðalfjöldi gesta á dag.	123
51. tafla. Hvítserkur: Meðalfjöldi bifreiða á dag.	127
52. tafla. Hvítserkur: Meðalfjöldi gesta á dag.	127
53. tafla. Hvítserkur: Hlutfallsleg breyting í fjölda gesta.....	130
54. tafla. Dimmuborgir: Meðalfjöldi bifreiða á dag.	132
55. tafla. Dimmuborgir: Meðalfjöldi gesta á dag.	132
56. tafla. Dimmuborgir: Hlutfallsleg breyting í fjölda gesta.....	135
57. tafla. Hverfjall: Meðalfjöldi bifreiða á dag.	138
58. tafla. Hverfjall: Meðalfjöldi gesta á dag.	138
59. tafla. Hverfjall: Hlutfallsleg breyting í fjölda gesta.....	141
60. tafla. Hverarönd: Meðalfjöldi bifreiða á dag.....	143
61. tafla. Hverarönd: Meðalfjöldi gesta á dag.....	143
62. tafla. Hverarönd: Hlutfallsleg breyting í fjölda gesta.	146
63. tafla. Heimskautsgerði: Meðalfjöldi bifreiða á dag.....	149
64. tafla. Heimskautsgerði: Meðalfjöldi gesta á dag.....	149

1 Inngangur

1.1 Upphaf talninga á áfangastöðum ferðamanna á Íslandi

Í þessari skýrslu eru teknar saman niðurstöður bifreiðatalninga á 22 áfangastöðum ferðamanna sem hafa verið fjármagnaðar af ýmsum aðilum. Í verkefni sem Ferðamálastofa kostaði árið 2014 voru settir upp teljarar á ferðamannastöðum á Suður- og Vesturlandi (Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir, 2015). Þeim talningum hafa höfundar skýrslunnar haldið áfram á eigin kostnað. Síðan veitti atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið árið 2015 Háskólanum á Akureyri sérstaka fjárveitingu til rannsókna í ferðaþjónustu. Háskólinn á Akureyri eyrnamerkti fjármagnið rannsóknum á Norðurlandi. Því voru fjórir nýir teljarar settir þar upp, einn við Hvítserk og þrír í Mývatnssveit; við Námaskarð, Dimmuborgir og Hverfjall. Í framhaldi af því verkefni fékkst fjárveiting frá Stjórnstöð ferðamála árið 2016. Þá var bætt við teljurum við Garðskaga og Reykjanesvita á Reykjanesi, við Glanna og Deildartunguhver í Borgarfirði, við Eiríksstaði í Dölum, á Vestfjörðum; við Dynjanda, Látrabjarg og Rauðasand, við Illugastaði á Vatnsnesi og við Heimskautsgerðið á Raufarhöfn. Nú er svo komið að skýrsluhöfundar stýra talningum á um 75 áfangastöðum á landinu, á hálendi og láglandi.

Upphaf þessara talninga má rekja aftur til ársins 2006. Þá fann Rögnvaldur sér átyllu til að fara á fjöll vor og haust og byrjaði sér til gamans að telja ferðamenn á Kili og við Laka (Anna Dóra Sæþórsdóttir, Rannveig Ólafsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson, 2007). Þetta var gert í samvinnu við Önnu Dóru Sæþórsdóttur prófessor í ferðamálafræði. Hún var að rannsaka ferðfólk á fjöllum og hafði reynt að telja ferðamenn með teljurum en ekki tekist sem skyldi. Rögnvaldur er eðlisfræðingur með mikla reynslu af tækjabúnaði og hönnun hans. Þegar hann kom heim frá námi vann hann á Raunvísindastofnun Háskólans. Þar hannaði hann og smíðaði ýmis tæki meðal annars bifreiðateljara fyrir Vegagerðina. Úr þeirri starfsemi spratt ekki einungis Marel hf. heldur einnig fyrirtækið Hugrún ehf. sem starfsmenn Rögnvalds, bræðurnir Hjalti og Kjartan Harðarsynir stóðu að. Þeir framleiddu umferðarteljara fyrir Vegagerðina sem hún notar enn, einum 30 árum síðar.

Rögnvaldur taldi sig því vita töluvert um tækjabúnað og teljara og átti auk þess góða vini hjá Vegagerðinni. Það varð því úr að fengnir voru að láni gamlir slönguteljarar hjá Vegagerðinni og sumarið 2006 voru taldar bifreiðar við Laka. Sumarið eftir var síðan talið á nokkrum stöðum

á Kili. Þar voru auk gömlu slönguteljarana fengnir að láni hjá Vegagerðinni tveir lykkjuteljarar. Þeir reyndust mun betur. Til að setja upp slíka teljara þarf hins vegar að brjóta upp yfirborð vegarins og er það töluverð fyrirhöfn.

Vorið 2009 voru keyptir nýir teljarar frá Kanada sem eru enn notaðir. Þeim er komið fyrir í vegkanti og þeir eru auðveldir í uppsetningu (sjá 2.1 kafla). Fyrstu teljararnir voru settir upp í Skaftafelli sem þá var orðinn hluti af Vatnajökulspjóðgarði. Þar var þjóðgarðsvörður Regína Hreinsdóttir. Hún sýndi þessum talningum mikinn áhuga og varð það upphaf að miklu og góðu samstarfi Rögnvalds við Vatnajökulspjóðgarð. Síðan þá hefur Rögnvaldur sinnt talningum fyrir Vatnajökulspjóðgarð á heimreiðinni að Skaftafelli en einnig talið göngufólk sem gengur upp að Svartafossi. Talningastöðum í Vatnajökulspjóðgarði hefur fjölgað mikið síðan og í lok árs 2016 hafði þjóðgarðurinn yfir að ráða rúmlega 40 teljurum. Þjóðgarðurinn hefur nýtt gögnin við að skipuleggja og byggja upp áfangastaði á vegum þjóðgarðsins. Einnig til að skipuleggja reksturinn og þörf á starfsfólki. Starfsfólk þjóðgarðsins hefur sinnt ýmsu viðhaldi á teljunum, til dæmis lesið af þeim og skipt um rafhlöður.

Sumarið 2011 hófst svo nýr kafli í þessari sögu þegar Rögnvaldur og Anna Dóra voru með umfangsmiklar rannsóknir að Fjallabaki. Sú vinna var að miklu leyti styrkt af Landsvirkjun og Landsneti vegna hugmynda um virkjanir og raflínur á svæðinu. Settir voru upp 16 teljarar á Fjallabaki syðra og nyrðra. Niðurstöður voru birtar í skýrslunum: Áhrif Hólmsárvirkjunar á ferðamennsku og útivist og Áhrif raflínu frá Hólmsárvirkjun að Sigöldulínu 4 á ferðamennsku og útivist sem birtar eru í samantekt yfir þessar rannsóknir: Áætlun um ferðamennsku á miðhálandi Íslands: Niðurstöður rannsókna (Anna Dóra Sæþórsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson, 2012). Einnig hafa verið birtar niðurstöður um talningar á göngufólki í skýrslunni: Laugavegurinn Gönguleiðin milli Landmannalauga og Þórsmerkur. Fjöldi göngufólks 2011 til 2013 (Rögnvaldur Ólafsson, 2014). Eftir að verkefninu lauk hefur talningunum verið haldið áfram, mestmegnis á kostnað Rögnvalds sem hefur séð um uppsetningu teljaranna á vorin. Hann hefur þó fengið aðstoð frá landvörðum á svæðinu sem oft hafa lesið af og tekið heim teljara að hausti. Árið 2016 fékkst svo styrkur úr Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar til að kvarða teljarana á Fjallabaki nyrðra. Enn er eftir að kvarða teljarana á Fjallabaki syðra og er það nokkuð brýnt.

Úrvinnsla og frágangur talninganna er allmikil vinna. Sumarið 2013 fékkst fjárveiting fyrir launum nema í átaki Vinnumálastofnunar. Einar Hjörleifsson, þá meistaranemi í landfræði, var ráðinn í verkið til að vinna úr gögnunum.

Næsta stóra skref var árið 2014 þegar Ferðamálastofa kostaði umfangsmikla rannsókn á átta ferðamannastöðum á Suður- og Vesturlandi. Verkefnið var tvískipt, annars vegar stýrði Anna Dóra Sæþórsdóttir þolmarkarannsókn á áfangastöðunum og hinsvegar stýrði Rögnvaldur bifreiðatalningum á þessum sömu stöðum. Á þeim tíma var ferðamönnum að fjölga mjög hér á landi og markhópurinn að breytast og nú var áhugi fyrir að afla gagna á láglendisstöðum en áður hafði aðallega verið talið á hálendisstöðum. Verkefninu fylgdi fjármagn svo hægt var að kvarða teljara og telja rútur og hversu margt fólk væri í þeim. Því fékkst betri kvörðun bifreiðateljaranna en áður. Einnig fengust upplýsingar um meðalfjölda fólks í bifreið á helstu áfangastöðum á mismunandi árstímum. Því var hægt að sjá hve margir gestir komu á staðina en ekki einungis hve margar bifreiðar óku í hlað. Slík kvörðun hafði reyndar verið gerð í Skaftafelli árin áður.

Umfang talninganna jókst mikið árið 2014 vegna styrksins frá Ferðamálastofu. Í kjölfarið á þessu verkefni fór Gyða Þórhallsdóttir, doktorsnemi í ferðamálafræði, að vinna með Rögnvaldi í talningunum og hefur síðan unnið að þeim með honum. Hún notar gögnin sem þar safnast í doktorsverkefni sitt.

Í lok Ferðamálastofu verkefnisins voru talningarnar komnar að ákveðnum tímamótum og erfitt var að reka verkefnið áfram sem áhugamál. Það var því heppilegt að á árinu 2015 veitti ríkisstjórnin allmiklu fé til rannsókna í ferðamálum og fékk talningaverkefnið hluta af því. Féð rann til Háskólans á Akureyri eins og áður sagði og var lögð áhersla á að fjölga talningastöðum á Norðurlandi. Af því fé var hægt að greiða Gyðu laun til að vinna að úrvinnslu gagnanna en einnig var hægt að greiða kostnað við talningarnar á Norðurlandi. Rögnvaldur fékk ekki greidd laun fyrir sína aðkomu að verkefninu. Þegar Stjórnstöð ferðamála var síðan stofnuð í lok árs 2015 fékk hún fé til að styrkja rannsóknir í ferðamálum árið 2016. Eins og áður sagði fékk talningaverkefnið styrk frá Stjórnstöðinni til að kanna dreifingu ferðamanna um landið byggt á talningunum.

Á árunum 2014 til 2016 var verklag við talningarnar bætt mjög. Teljarar voru kvarðaðir og úrvinnsla bætt. Nú er svo komið að verklag getur talist gott og það sem helst vantar er að koma gögnum í gagnagrunn þannig að auðveldara verði að svara óskum um gögn um fjölda á ferðamannastöðum. Óskum um gögn hefur fjölgað mjög. Sýnir það hve umfang ferðaþjónustunnar og alls konar starfsemi í kringum hana hefur aukist. Einnig hefur skilningur aukist á því að góð og áreiðanleg gögn eru nauðsynleg undirstaða undir ákvarðanir af margvíslegu tagi. Eins og fyrr var nefnt hefur Vatnajökulspjódgarður nýtt sér gögnin á ýmsan

hátt allt frá því að samstarf við hann hófst 2009. Þar eru tölur um fjölda notaðar við að skipuleggja bílastæði og styðja umsóknir um fé til umbóta, ákvarða stærð útsýnispalla miðað við fjölda gesta, skipuleggja vaktir starfsfólks og tæmingu salerna og annað sem lýtur að rekstri Þjóðgarðsins.

Undanfarið hafa óskir um upplýsingar um fjölda ferðamanna aukist mjög. Skýrsluhöfundar hafa töluvert hugsað um hvernig megi nýta gögnin en samt koma óskirnar oft á óvart. Sem dæmi má nefna nokkrar af þeim óskum sem komið hafa síðustu vikur. Þeir sem eru að skipuleggja aðstöðuna í Landmannalaugum óskuðu eftir gögnum um fjölda gesta þar og að Fjallabaki. Þeir fengu upplýsingar um fjölda bifreiða að Fjallabaki og í Landmannalaugum og um fjölda fólks á gönguleiðinni Laugavegurinn. Ósk kom um gögn um fjölda á hálendinu frá umhverfisráðuneytinu vegna undirbúnings fyrir Þjóðgarð á Miðhálandinu. Þjóðgarðsvörður í Jökulsárgljúfrum bað um upplýsingar um fjölgun að vetrarlagi til að styðja við ósk um fleira starfsfólk að vetrarlagi. Ríkislögreglan óskaði eftir gögnum um fjölda ferðamanna nálægt Jökulsá á Fjöllum vegna tillagna um bætta vöktun eldstöðvanna Kötlu og Bárðarbungu. Allt bendir þetta til að nauðsynlegt sé að telja áfram ferðafólk sem kemur á áfangastaði.

1.2 Frekari talningar

Skýrsluhöfundar álíta að brýnt sé að fjölga talningastöðum nokkuð. Á Suðurlandi er þung umferð ferðamanna og þar eru áfangastaðir sem eru mikið sóttir af ferðamönnum en engar áreiðanlega tölur eru til um. Þar má nefna Reynisfjöru, Dyrhólaey, Seljalandsfoss, Skógafoss, Geysi og Gullfoss. Á Vesturlandi þyrfti að fjölga talningastöðum á Snæfellsnesi, telja til dæmis þá sem koma að Malarriði og fara út á Öndverðarnes. Á Vestfjörðum voru settir upp teljarar á Suðurfjörðum 2016 en gott væri að vita meira um ferðamenn á Ströndum. Á Norðurlandi þyrfti að telja við Goðafoss. Höfundar skoðuðu það 2015 en vegna breytinga á aðkomu reyndist ekki unnt að telja þar. Fyrirhugað er að setja upp teljara við Kolugljúfur í Húnavatnssýslu sumarið 2017 fáið til þess styrkur. Ætlað var að setja upp teljara þar sumarið 2016 en talið var brýnna að telja við Heimskautsgerðið við Raufarhöfn. Á Austur- og Norðausturlandi eru nú ekki margir seglar sem kallað er, en þar væri nauðsynlegt að afla betri gagna um ferðafólk og ferðaleiðir. Á hálendinu þarf að telja á Kjalvegi, Hveravöllum og Kerlingafjöllum. Einnig vantar gögn um Kaldadal en þar er mjög aukin umferð meðal annars vegna íshellisins í Langjökli. Æskilegt væri

að vita meira um ferðaleiðir á Norðurhálendinu vestan Sprengisandsleiðar, til dæmis í kringum Laugafell.

Eins og fram kemur í niðurstöðum skýrslunnar (3. og 4. kafli) eru áfangastaðirnir misjafnlega fjölsóttir. Staðir sem eru nálægt hvor öðrum geta verið með misjafnlega marga gesti. Ákveðna staði vilja allir sjá og koma á. Þessir staðir eru að mati skýrsluhöfunda: Þingvellir, Geysir, Jökulsárlón og Námaskarð. Á þeim stöðum þyrfti að leggja sérstakan metnað í að afla gagna um fjölda bifreiða og ferðamanna. Til þess þyrfti að efla tækjabúnaðinn á þessum stöðum. Á öðrum áfangastöðum er fullnægjandi að halda áfram með sambærilegar talningar og verið hefur. Það gæti breyst með enn meiri fjölgun ferðamanna.

Talningar á áfangastöðum ferðamanna eru ekki nýjar af nálinni og hafa verið stundaðar árum saman erlendis. Nálgunin sem hér er notuð, að telja bifreiðar sem koma á áfangastaðina, til að sjá hvernig ferðamenn dreifast um landið mótast af sérstöðu Íslands. Til Íslands koma um 98% ferðamanna í gegnum flugvöllinn í Keflavík. Því má sjá dreifinguna um landið eftir mánuðum með því að bera talningarnar saman við talningarnar í Leifsstöð eins og sýnt er á 5. og 6. mynd. Talningarnar gefa því góð mynd af dreifingu ferðamanna um landið. Þær gefa einnig góða mynd af stöðu svæða hvað varðar að nýta ferðaþjónustu sem heils árs atvinnuveg þar sem þær sýna bæði hve stór hluti ferðamanna sem koma til landsins koma á svæðið og hvernig komur gesta dreifast á árið. Frá þeim má einnig meta árangur af aðgerðum og sjá breytingu milli ára.

1.3 Skipulag áfangastaða ferðamanna

Við skipulag ferðamannastaða er erfitt að byggja á öðru en áreiðanlegum gögnum og megin forsenda er að vita hversu margir ferðamenn koma á staðinn (De Cantis, Parroco, Ferrante og Vaccina, 2015; Smale, 2011). Þetta er nauðsynlegt vegna skipulags og uppbyggingar á innviðum og samgöngumannvirkjum, vegna verndunar og til að upplifun ferðamanna verði sem best (Cessford og Burns, 2008a; De Cantis o.fl., 2015). Vanda þarf til verka við talningarnar til að áreiðanlegar upplýsingar fáið, sem stjórnendur staðanna geta treyst á að gefi raunsanna mynd (Cessford og Burns, 2008a; De Cantis o.fl., 2015). Vandasamt og kostnaðarsamt getur verið að safna slíkum gögnum. Það hefur því oft setið á hakanum, þrátt fyrir að vitað sé að þekking á fjölda á áfangastað sé mikilvæg til að ákvarða um áhrif og ánægju gesta. Áfangastaðir ferðamanna eru oft afskekktir en einnig vantar oft starfsfólk til að telja ferðamenn. Því hefur

oft verið gripið til þess ráðs að áætla fjölda fólks eftir tilfinningu stjórnenda og starfsfólks (Cessford og Burns, 2008a, 2008b; Cessford og Muhar, 2003; Melville og Ruohonen, 2004; Muhar, Arnberger og Brandenburg, 2002; Watson, Cole, Turner og Reynolds, 2000). Síðastliðin ár hefur þó krafa um áreiðanleg gögn um fjölda aukist (De Cantis o.fl., 2015; Hadwen, Hill og Pickering, 2007; Ross, 2005; Smale, 2011).

Vegna mikils fjölda erlendra ferðamanna til Íslands hefur krafan um áreiðanleg gögn um ferðamennsku hér á landi aukist. Hluti af því er að vita hvernig dreifing ferðamanna er um landið eins og kemur fram í Vegvísi í ferðapjónustu (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Samtök ferðapjónustunnar, 2015). Eins og fram kemur í Vegvísinum er mikilvægt að ferðamenn fari sem víðast um landið, sér í lagi til að dreifa álagi. Það álag getur bæði verið samfélagslegt en einnig álag á innviði og náttúru á áfangastöðunum. Það getur eins og fram kom hér á undan haft mikil áhrif á upplifun og ánægju ferðamanna sem koma á áfangastaðina.

Ísland hefur þá sérstöðu að um 98% ferðamanna koma til landsins á sama hátt, í gegnum Leifsstöð. Þar eru ferðamenn taldir við brottför og því er dreifing þeirra eftir mánuðum vel þekkt (Ferðamálastofa, 2017). Gistináttatölur Hagstofunnar gefa upplýsingar um hvar og hvenær ferðamenn gista eftir landshlutum. Utan háannar gista margir erlendir ferðamenn á höfuðborgarsvæðinu og fara í dagsferðir þaðan (Reykjavíkurborg, 2011). Lítið er vitað um hvaða áfangastaði þessir ferðamenn heimsækja á meðan dvöl þeirra á Íslandi stendur.

Eins og fram kemur í Vegvísi í ferðapjónustu er talið mikilvægt að fjölga ferðamönnum utan háannar í öllum landshlutum, meðal annars til að draga úr álagi á fjölsóttu áfangastaði (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Samtök ferðapjónustunnar, 2015). Þess vegna er mikilvægt að þekkja vel hvar ferðamenn gista, en einnig hvaða áfangastaði þeir heimsækja.

Víða hafa sjálfvirkir teljarar verið notaðir til að finna fjölda ferðamanna á áfangastöðum. Umhverfisstofnun Nýja Sjálands (e. Department of Conservation) hefur til dæmis í mörg ár notað sjálfvirka teljara til að telja ferðamenn (Beunen, Jaarsma og Kramer, 2004; Rauhala, Erkkonen og Iisalo, 2002; Ross, 2005). Verkefnið sem hér er kynnt hefur yfir að ráða rúmlega 30 teljurum sem telja allt árið um kring á áfangastöðum ferðamanna og rúmlega 40 teljurum sem settir eru upp yfir sumarið. Flestir teljaranna telja bifreiðar en einnig eru nokkrir fólkelsteljarar. Margir teljarar hafa bæst við síðan byrjað var að telja bifreiðar í Skaftafelli árið 2009, í þeim tilgangi að sjá hvort hægt væri að finna hversu margir kæmu í Skaftafell. Verklagið við talningarnar, aðferðafræðin og úrvinnsla gagnanna hafa einnig verið bætt og þróuð.

Teljararnir eru nú orðnir svo margir og dreifðir svo víða um landið að með gögnum úr þeim má fá nokkuð góða mynd af hvert ferðamenn fara á meðan dvöl þeirra á Íslandi stendur.

Í þessari skýrslu verða kynntar niðurstöður um fjölda bifreiða og fólks á 24 áfangastöðum á landinu. Einnig verður sýnt hvernig dreifing ferðafólks er á mismunandi árstímum.

2 Aðferðir

2.1 Teljararnir

Bifreiðateljararnir sem notaðir eru skynja farartæki með segulskynjara sem skynjar breytingu á segulsviði jarðar þegar farartæki fara hjá. Því þarf ekki slöngur yfir veg eða víra undir yfirborð vegar eins og á þeim teljurum sem mest hafa verið notaðir hér á landi hingað til. Það nægir að koma teljaranum fyrir í vegkanti og skynjar hann þá bifreiðar í allt að 6 m fjarlægð. Teljararnir eru litlir, um 10x15x5cm og eru í vatnspéttum plastkassa (1. mynd). Þeim er síðan komið fyrir í öðrum vatnspólnum kassa úr krossviði eða plasti sem festur er við niðurgrafinn staur í vegkantinum og falinn með grjóti eða torfi (2. mynd). Teljararnir ganga fyrir rafhlöðum sem endast í hálf til heilt ár.



1. mynd. Teljari.



2. mynd. Bifreiðateljara komið fyrir í vegkanti.

Teljararnir eru stilltir til að skrá á hverjum heilum tíma allar bifreiðar sem hafa farið hjá á síðustu klukkustund. Þeir geyma gögnin og hafa nægilegt minnisrými til að geyma talningu á klukkustundar fresti í heilt ár. Þó er ráðlegt að lesa af þeim á nokkurra mánaða fresti til að tryggja að ekki tapist of mikið af gögnum ef tæknileg vandamál koma upp. Teljararnir telja allar bifreiðar sem fara um veginn í báðar áttir og ekki er hægt að skilja á milli umferðar eftir stefnu. Þeir gera ekki mun á stærð bifreiða, rútu eða einkabíl, sem skiptir máli þegar finna á hversu margir gestir koma á áfangastað. Reynt hefur verið að skilja á milli þeirra með því að setja teljara í mismunandi fjarlægð frá vegi þannig að teljari í meiri fjarlægð skynjaði aðeins stóra bíla en sú tilraun tókst ekki.

Vorið 2015 var önnur aðferð reynd til að finna hlutfallið á milli rúta og einkabíla með góðum árangri á Hakinu á Þingvöllum. Til verksins var leigður svonefndur umferðargreinir sem Þjóðgarðurinn á Þingvöllum kostaði, sem og undirbúning fyrir uppsetningu umferðargreinisins. Önnur vinna var í höndum skýrsluhöfunda. Niðurstöður tilraunarinnar voru teknar saman og settar fram í skýrslu sem þó hefur ekki verið gefin út en má nálgast hjá skýrsluhöfundum. Niðurstöður tilraunarinnar voru að umferðargreinir gefur góða raun og gerir kleift að finna á sjálfvirkan hátt hlutfall rúta af þeim bifreiðum sem koma á áfangastaði ferðamanna. Eftir að umferðargreinirinn hefur verið kvarðaður má með honum finna á ódýran hátt hlutfall rúta og einkabíla á mismunandi árstímum á hverjum áfangastað. Slíkt mundi auðvelda og gera ódýrara að fá betri gögn um hve margir sækja staðina heim, þar sem mikill kostnaður er við að finna hlutfall rúta handvirkt eins og gert hefur verið hingað til.


Eftir tilraunina á Hakinu á Þingvöllum vorið 2015 var ákveðið að mikilvægt væri að verkefnið hefði yfir umferðargreini að ráða. Í samvinnu við Vegagerðina var ný gerð umferðargreinis fengin að láni hjá Ísmar ehf. og verklagið reynt enn frekar með góðum árangri.

2.2 Kvörðun bifreiðateljara

Teljararnir eru frekar auðveldir í uppsetningu og meðfærilegir að vinna með. Talningarstaðina þarf þó að velja af nokkurri kostgæfni. Æskilegt er að teljararnir séu þar sem ekið er á jöfnum hraða fram hjá þeim og helst þar sem litlar líkur eru á að bílar mætist, en þá gætu tvær bifreiðar talist sem ein. Helstu skekkjuvaldar eru mætingar og að langir hægfara bílar teljist tvisvar. Velja þarf hæfilegan tímafasta fyrir teljarann sem er best gert með því að prófa nokkra teljara með mismunandi tímafasta og bera saman við handtalningu. Mismunandi er eftir stöðum hve mikið er um mætingar bíla og aðrar skekkjur. Því er hver staður kvarðaður með því að handtelja í einn eða fleiri daga allar bifreiðar sem fara fram hjá teljaranum og bera niðurstöðuna saman við talningar teljarans. Þetta er síðan sett upp í kvörðunargraf þar sem hallatala grafsins segir til um með hvaða fasta þarf að margfalda talningarnar. Nánari umfjöllun er um kvörðun bifreiðateljara í eftirfarandi skýrslum: Fjöldi gesta í Vatnajökulspjóðgarði (Gyða Þórhallsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson, 2015) og Fjöldi ferðamanna á átta áfangastöðum á Suður- og Vesturlandi 2014 til 2015 (Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir, 2015).

2.3 Meðalfjöldi í bifreið

Til að finna fjölda fólks út frá fjölda bifreiða þarf að finna hlutfall rúta og síðan meðalfjölda í einkabílum og rútum. Meðalfjöldi í bifreið er fundinn með því að telja hversu margir eru í hverri bifreið. Meðalfjöldi fólks í einkabíl sem kom til Skaftafells á árunum 2009 til 2013 var fundinn með því að telja fólk í 952 einkabílum. Niðurstöður þeirra talninga voru að í einkabílum voru að meðaltali 2,6 (3. mynd). Það kemur heim og saman við talningar í umferðarkönnunum sem Vegagerðin gerði sumrin 2007 til 2011 í tengslum við stórar framkvæmdir (1. tafla). Fyrirnefndar talningar út úr einkabílum í Skaftafelli og umferðakönnun Vegagerðarinnar gefa til kynna að meðalfjöldi í einkabílum sé nánast sá sami alls staðar á landinu (Vegagerðin, 2008a, 2008b, 2012). Því er gert ráð fyrir að meðalfjöldi í einkabíl sé 2,6 í öllum tilfellum.



3. mynd. Skaftafell: Fjöldi í einkabílum.

1. tafla. Meðalfjöldi fólks í bifreiðum á þjóðvegum samkvæmt umferðarkönnunum Vegagerðarinnar borinn saman við handtalningu í Skaftafelli.

Umferðarkannanir Vegagerðarinnar									Skaftafell	
Meðalfjöldi í bifreið					Hlutfall bifreiða				Meðal- fjöldi í bifreið	Hlutfall bifreiða
Sumar			Vetur		Sumar		Vetur			
Virka daga	Helgi		Virka daga	Helgi	Virka daga	Helgi	Virka daga	Helgi		
Einkabílar	2,64	2,65	2,11	2,55	98%	97%	99%	99%	2,60	88%
Rútur	15,38	18,16	14,62	15,22	2%	3%	1%	1%	13,89	12%

Hlutfall rúta af öllum bifreiðum og meðalfjöldi farþega í rútum er hins vegar breytilegur milli staða og tíma og þarf því að finna hvort tveggja á hverjum áfangastað og á nokkrum árstímum. Umferðargreinirinn getur hjálpað mikið í þeirri gagnasöfnun (sjá kafla 2.1).

2.4 Tímabilin

Í daglegu tali hefur ferðamannatímanum verið skipt upp í fjögur tímabil; sumar, vetur og tvö jaðartímabil að vori og hausti. Mörkin á hverju tímabili hafa þó ekki verið skilgreind sérstaklega, til dæmis hvenær sumarið byrjar eða endar og hvenær jaðartímabil tekur við. Af því leiðir að tölur geta verið ósambærilegar. Hér verður notast við sjö ferðatímabil sem hafa verið skilgreind eftir talningum á bifreiðum á áfangastöðum ferðamanna. Ferðatímabilin eru skilgreind í ISO vikum (2. tafla). Nánari umfjöllun um ferðatímabilin og skilgreiningu á þeim er að finna í (Gyða Þórhallsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson, 2015; Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir, 2015). Gera má ráð fyrir að markhópur ferðamanna og ýmis ferðahegðan sé misjöfn á mismunandi tímabilum. Í þeirri vinnu sem hér er kynnt skiptir meðal annars máli hvort ferðafólk ferðast í rútu eða bílaleigubíl, hvort það gistir helst á höfuðborgarsvæðinu og fleira slíkt sem er breytilegt eftir árstíma.

2. tafla. Skýring á ferðatímabilum sem rannsóknin miðar við, hér eru settar fram dagsetningar fyrir árið 2016.

Tímabil	Vikur	Dagsetningar
Síðla vetrar	8-15	Ca. 22. febrúar - 17. apríl
Vetrarlok	16-22	Ca. 18. apríl - 5. júní
Vor	23-27	Ca. 6. júní - 10. júlí
Háönn	28-32	Ca. 11. júlí - 14. ágúst
Haust	33-37	Ca. 15. ágúst - 18. september
Framan af vetri	38-43	Ca. 19. september - 30. október
Hávetur	44-7	Ca. 31. október - 19 febrúar


3 Ferðaleiðir og dreifing ferðamanna um landið

3.1 Dreifing um landið

Frá bifreiðatalningum á áfangastöðum má sjá hvernig ferðamenn dreifast um landið. Áhugavert er að setja þetta fram á myndrænan hátt og eru dæmi um það sýnd á 4., 5. og 6. mynd.

Á 4. mynd er sýndur meðalfjöldi bifreiða á dag sem kemur á ýmsa áfangastaði á háönn árið 2016. Mikill munur er á fjölda ferðamanna á þessum stöðum. Af þeim er Jökulsárlón vinsælast, síðan Þingvellir og þriðji vinsælasti staðurinn á háönn er Hveraröndin í Námaskarði í Mývatnssveit.

Á Suður- og Suðausturlandi koma fæstir að Fláajökli. Meðalfjöldi bifreiða á dag á háönn er svipaður við Sólheimajökul, Fjaðrárgljúfur og Litla-Horn (Stokksnes). Enginn af stöðunum á Suður- og Suðausturlandi kemst nálægt Jökulsárlóni og Þingvöllum í meðalfjölda bifreiða á dag á háönn. Á Reykjanesi koma að meðaltali á háönn 2016 tvöfalt fleiri að Garðskaga en Reykjanesvita. Á Vesturlandi eru Hraunfossar mest sótti staðurinn en fæstir koma að Eiríksstöðum. Nokkuð fleiri koma að Glanna. Álíka margir koma að Deildartunguhver og Djúpalónssandi. Á Vestfjörðum er Dynjandi mest sótti áfangastaðurinn á háönn, síðan Látrabjarg og þá Rauðisandur. Á Vatnsnesi koma fleiri að Hvítserk en Illugastöðum á háönn. Margir koma í Mývatnssveit. Eins og áður sagði skoða flestir hverasvæðið í Námaskarði, síðan koma Dimmuborgir en mun færri skoða Hverfjall. Mjög fáir koma að Heimskautsgerðinu við Raufarhöfn (4. mynd).



4. mynd. Meðalfjöldi bifreiða á dag á háönn 2016.

Talningarnar á áfangastöðunum eru á 5. og 6. mynd bornar saman við brottfarartölur á Keflavíkurflugvelli. Á 5. mynd sést hlutfall gesta sem fer á áfangastaðina í ágústmánuði borið saman við talningar á Keflavíkurflugvelli. Á 6. mynd sést síðan hlutfall gesta sem fer á áfangastaðina í október. Ágúst mánuður var valinn þar sem ekki eru til tölur fyrir alla staði í júlí 2016. Fjöldi í ágúst er ekki alveg sambærilegur við fjölda á háönn þar sem háönn nær yfir þrjár vikur í júlí og tvær vikur í ágúst.

Hlutfallslega fara álíka margir á Þingvelli í ágúst og í október. Sama má segja um Sólheimajökul. Þetta á við um fleiri staði eins og til dæmis Fláajökul, Litla-Horn, Fjaðrárgljúfur, Eiríksstaði og Glanna. Þangað koma fáir bæði í ágúst og október.

Af 5. og 6. mynd sést að mun lægra hlutfall af ferðamönnum sem koma til landsins fer til Norðurlands í október heldur en í ágúst. Sama á við um Jökulsárlón. Hins vegar fer herra hlutfall á Þingvelli í október en í ágúst.



5. mynd. Dreifing gesta um landið í ágúst 2016 miðað við Keflavík.

*Á Djúpalónssandi eru sett fram gögn fyrir júlímánuð og fyrir Fjallsárlón fyrir septembermánuð.



6. mynd. Dreifing gesta um landið í október 2016 miðað við Keflavík.

3.2 Talningar Vegagerðarinnar

Vegagerðin telur bifreiðar á fjölmörgum stöðum á landinu. Höfundar hafa reynt að nýta sér þær eftir föngum þar sem það getur sparað teljara og vinnu. Þetta er þó ekki auðvelt því Vegagerðin miðar talningar og talningastaði við viðhald og lagningu vega. Þó er reynt að nýta talningarnar eftir því sem kostur er.

Vegagerðin er með fjölmarga fasta talningastaði á landinu, en einnig gerir hún svokallaðar skynditalningar til að fylla upp í upplýsingar frá föstum talningastöðum. Á föstum talningastöðum er umferð talin hvern dag. Skynditalningar eru yfirleitt framkvæmdar á sumrin á einum fjórðungi landsins og endurteknar á um sex ára fresti. Í skynditalningum er talið í nokkrar vikur í einu, gjarnan á mörgum köflum á sama vegi. Allar upplýsingar um talningarnar liggja fyrir snemma næsta árs og eru birtar á vefsíðu Vegagerðarinnar: <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/umferdin/umfthjodvegum/>.

Í þessari skýrslu eru nokkur dæmi um hvernig skýrsluhöfundar hafa nýtt sér talningar Vegagerðarinnar:

1. Á þjóðvegi 221 að Sólheimajökli taldi Vegagerðin frá árinu 2009 fram á árið 2014. Skýrsluhöfundar hafa talið þar síðan. Í þessari skýrslu eru þessar upplýsingar settar saman og þar með fæst yfirlit yfir umferð að Sólheimajökli allt aftur til ársins 2009.
2. Á Snæfellsnesi telja höfundar skýrslunnar þá sem koma að Djúpalónssandi (Dritvík). Til þess að fá hugmynd um hve stór hluti ferðamanna sem aka Útnesveg fara að Djúpalóni, hafa talningar Vegagerðarinnar á Útnesvegi, skyndikönnun á Útnesvegi og talningar Vegagerðarinnar á Snæfellsnesvegi verið nýttar.
3. Skýrsluhöfundar hófu talningar við Látrabjarg og Rauðasand í júlí 2016. Á þjóðvegi 612 í Patreksfirði gerði Vegagerðin skynditalningar frá 8. ágúst til 2. september 2015. Þær eru nýttar í þessari skýrslu til að álykta um hve umferð að Látrabjargi jókst mikið frá árinu 2015 til 2016. Einnig voru talningar Vegagerðarinnar á Kleifaheiði notaðar til að fá hugmynd um hve margir af þeim sem aka niður í Patreksfjörð fara út á Látrabjarg.
4. Á Vatnsnesi telja skýrsluhöfundar umferð að Hvítserk og Illugastöðum. Vegagerðin er með fasta teljara á Vatnsnesi og að auki er til skyndikönnun frá árinu 2014. Talningarnar eru notaðar í skýrslunni til að meta hlutfall umferðar ferðamanna og heimamanna. Einnig til að fá hugmynd um hvaða leið ferðamenn fara að Hvítserk.

Slíkar upplýsingar geta til dæmis verið gagnlegar fyrir þá sem reka ferðaþjónustu á Vatnsnesi.

5. Vegagerðin telur reglulega bifreiðar á þremur aðkomuleiðum að Mývatni. Áhugavert er að bera þessar talningar saman við talningar höfunda skýrslunnar á þremur áfangastöðum ferðamanna í Mývatnssveit: Dimmuborgum, Hverfjalli og Námaskarði. Þannig má sjá hve stór hluti ferðamanna kemur á þessa staði. Frá talningum Vegagerðarinnar má enn fremur sjá eftir hvaða leiðum fólk kemur í Sveitina og hvernig ferðamönnum hefur fjölgað þar undanfarin ár.


3.3 Snæfellsnes

Á Snæfellsnesi hafa höfundar skýrslunnar talið hve margir koma að Djúpalónssandi frá því vorið 2014. Djúpalónssandur er helsti áfangastaður ferðamanna á utanverðu Snæfellsnesi en áhugavert væri að þekkja betur leiðir ferðamanna á svæðinu. Í ágúst 2016 mældu höfundar ferðaleiðir innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls með skynjum sem skynja Bluetooth/WiFi snjalltæki ferðafólks og radar sem skráir hraða og lengd bifreiða. Vegna þeirra mælinga töldu þeir bifreiðar á Útnesvegi við báða innganga í þjóðgarðinn dagana 27. júlí til 8. ágúst 2016.

Á þessu svæði taldi Vegagerðin á Útnesvegi, þjóðvegi 574, á árunum 2010 til 2014 (7. mynd). Teljarinn er staðsettur við upphaf Útnesvegar við gatnamót hans og Snæfellsnesvegar, þjóðvegar 54, þar sem 54 fer uppá Fróðárheiði. Vegagerðin telur á Snæfellsnesvegi bæði við Hraunsmúla og á Fróðárheiði. Þær talningar má nýta til að fá hugmynd um umferð á Útnesvegi árið 2015 þegar ekki var talið þar. Á 8. mynd má sjá að umferð um utanvert Snæfellsnes hefur verið að aukast á sumrin og haustin frá árinu 2011. Þjónusta Vegagerðarinnar er takmörkuð á Útnesvegi að vetrinum.




7. mynd. Kort af utanverðu Snæfellsnesi sem sýnir vegi og vegkafla.



8. mynd. Umferð á Útnesvegi samkvæmt talningum Vegagerðarinnar 2010 til 2014. Árið 2015 er nálgadh frá umferð á Þjóðvegi 54 við Hraunsmúla og Fróðárheiði.

Dagana 1. til 29. júlí 2014 gerði Vegagerðin skynditalningu á allmörgum stöðum á Útnesvegi (9. mynd). Talningin nýtist til að meta hve stór hluti þeirra sem aka inn á Útnesveg fer í byggðirnar á Arnarstapa og Hellnum og hve stór hluti ekur inn í Þjóðgarðinn. Frá talningunni er ekki hægt að greina ferðaleiðir á svæðinu. Hvorki hvaðan ferðafólkið kemur inn í Þjóðgarðinn, né hversu stórt hlutfall af þeim sem ekur Útnesveg er heimaþólk.




Vegkafla	Staður
1	Við gatnamót Snæfellsnesveg
2	Milli Arnarstapa og Hellna
3	Vestan Dagverðarar
4	Norðan Djúpalónssands
5	Austan Sauðhóls
6	Sunnan Öndverðarnesveg
7	Austan Gufuskála

9. mynd. Hvernig umferð á Útnesvegi, 574, breytist frá gatnamótum við Snæfellsnesveg, 54, út að Gufuskálum. Viðmiðun er syðri inngangur í Þjóðgarðinn hjá Dagverðará.

Með áður nefndum Bluetooth/WiFi mælingum sem gerðar voru sumarið 2016 í Þjóðgarðinum var hægt að finna ferðaleiðir á svæðinu. Út frá þeim mælingum var hægt að áætla hve stór hluti umferðarinnar á Útnesvegi eru heimamenn á leið gegnum Þjóðgarðinn (11%). Mælingarnar sýna einnig ferðaleiðir, til dæmis hve stór hluti ferðafólks ekur í gegnum Þjóðgarðinn og hve margir fara inn í garðinn og út á sama stað og þeir komu inn. Slíkar upplýsingar er ekki hægt að fá út frá bifreiðatalningum. Niðurstaða Bluetooth/WiFi mælinganna var að af þeim ferðamönnum sem aka Útnesveg fram hjá afleggjaranum að Djúpalónssandi fara 79% niður að Djúpalóni. Með Bluetooth/WiFi tækjunum og fleiri teljurum væri hægt að fá gott yfirlit yfir leiðir ferðafólks í Þjóðgarðinum.

3.4 Suðurfirðir Vestfjarða

Höfundar skýrslunnar settu upp teljara í Patreksfirði í júlí 2016, bæði á leiðinni að Látrabjargi og Rauðasandi. Niðurstöður má sjá á 10. mynd. Mun fleiri bílar aka til Látrabjargs en Rauðasands, næstum því tvisvar sinnum fleiri.



10. mynd. Fjöldi bifreiða sem ók til Rauðasands og Látrabjargs sumarið 2016.

Á þjóðvegi 612 í Patreksfirði gerði Vegagerðin skynditalningar sumarið 2015, frá 8. ágúst til 2. september. Ein þeirra mældi umferð norðan Breiðavíkur og mældi því sama vegarkafli og teljari höfunda skýrslunnar. Frá skynditalningunni og teljaranum má álykta um breytingu á umferð að Látrabjargi milli ára 2015 og 2016. Á þessu tímabili (8. ágúst til 2. september) jókst umferð að Látrabjargi um 26% milli ára.

Áhugavert er að bera skynditalningu á þjóðvegi 612 norðan Breiðavíkur sumarið 2015 saman við umferð um Kleifaheiði á sama tíma. Um Kleifaheiði fara allir bílar sem eru á leið til Patreksfjarðar, Tálknafjarðar og Bíldudals. Í ljós kemur að meðan skynditalningin stóð yfir fóru 76% þeirra sem óku um Kleifaheiði út á Látrabjarg. Því má álykta að langmestur hluti umferðar um Kleifaheiði að sumarlagi sé umferð ferðamanna á leið út á Látrabjarg.

Þótt Rauðisandur sé þýðingarmikill áfangastaður á Suðurfjörðum er hann þó ekki nema hálfdrættingur á við Látrabjarg.

3.5 Vatnsnes

Á Vatnsnesi eru Hvítserkur og Illugastaðir mest sóttu ferðamannastaðirnir. Auk þess er talsverð umferð ferðamanna um Vatnsnes til að horfa á seli sem sjást liggja á skerjum víða á Nesinu. Selasetrið á Hvammstanga er áfangastaður ferðamanna og þar er ferðamönnum bent á að skoða seli á Vatnsnesi. Á Vatnsnesi telja skýrsluhöfundar á báðum áfangastöðunum: Á afleggjara að Hvítserk (vegur 713) síðan 5. júlí 2015 og á heimreið að Illugastöðum síðan 21. júní 2016. Áhugavert er að reyna að tengja þær talningar við talningar Vegagerðarinnar á aðkomuleiðum að Vatnsnesi.

Vatnsnes er nokkuð afmarkað að því leyti að þeir sem vilja skoða þar þurfa að taka lykkju á leið sína og fara út af Þjóðvegi númer 1. Byggð er þarna nokkuð stöðug og því má gera ráð fyrir að umferð heimamanna hafi lítið breyst undanfarin ár. Þarna er því nokkuð gott tækifæri til að nota eldri gögn Vegagerðarinnar til að sjá þróun ferðamennsku síðustu ár. Einnig er áhugavert að bera talningar Vegagerðarinnar saman við talningar skýrsluhöfunda. Frá því má meðal annars áætla hve mikill hluti af almennri umferð á svæðinu séu ferðamenn á leið á áfangastaði ferðamanna.


Kringum Vatnsnes liggur Þjóðvegur númer 711, hann fer út af Þjóðvegi 1 við Vatnshorn, liggur fyrir Vatnsnes og endar á Hvammstanga. Af Þjóðvegi númer 1 eru þrjár leiðir út á Vatnsnes:

1. Gegnum Hvammstanga eftir Þjóðvegi 711
2. Eftir Þjóðvegi 711 við Vatnshorn
3. Eftir Þjóðvegi 716 skammt norðan við Víðigerði inn á 711

Norðan við Hvammstanga hefur Vegagerðin talið umferð á Þjóðvegi 711 síðan í ársbyrjun 2014. Við Vatnshorn hefur verið fastur talningastaður á Þjóðvegi 711 (talningastaður 711-07 nr. 616) síðan 2010 og á 716 hefur verið talið síðan 2014. Sá teljari var því miður óvirkur stóran hluta ársins 2015. Að auki eru til svokallaðar skynditalningar Vegagerðarinnar á nokkrum stöðum á Vatnsnesi frá árunum 2002, 2006 og 2014. Í skynditalningum er talið í um fjórar vikur yfir sumarið og haustið. Oft eru þessar talningar í september sem til skamms tíma var utan ferðamannatíma og nýtast þær því illa hér. Þó er reynt að nýta þær til þess að sjá breytingu á umferð frá síðustu aldamótum.

Þegar þetta er skrifað eru talningar Vegagerðarinnar á þessum stöðum frá árinu 2016 enn ekki aðgengilegar.


Á 11. mynd er sýnd umferð kringum Hvítserk dagana 28. ágúst til 9. september 2014. Þá gerði Vegagerðin umfangsmikla skynditalningu á svæðinu, taldi hve margir óku niður að Hvítserk og eftir þjóðvegi 711, báðum megin við afleggjarann þangað. Þótt ekki megi draga af miklar ályktanir af svo stuttri talningu bendir hún til þess að af 3.252 bílum sem aka þjóðveg 711 sunnan Hvítserks, fari 1.291, eða um 40% fram hjá Hvítserk. Það gætu verið heimamenn og aðrir sem eiga erindi á utanvert Vatnsnes. Norðan við Hvítserk er umferðin 2.020 bílar á tímabilinu og eru því 729 bílar á leið til og frá Hvítserk norðan frá. Frá svona talningum er ekki hægt að segja til um hve margir af þeim sem koma að sunnan fari áfram norður Nesið eftir að hafa skoðað Hvítserk og hve margir snúa við og fara aftur suður. Þetta gefur þó skýra vísbendingu um að umferð til Hvítserks kemur að 73% austan frá en aðeins 27% vestan frá. Ef áhugi er fyrir væri mögulega hægt að beina stærri hluta umferðarinnar fyrir Nesið.



11. mynd. Umferð á veginum um Vatnsnes (þjóðvegur 711) og niður að Hvítserk (vegur 713) samkvæmt skyndikönnun Vegagerðarinnar árið 2015.


3.5.2 Hvítserkur og Illugastaðir

Hvítserkur og Illugastaðir eru tveir helstu viðkomustaðir ferðamanna á Vatnsnesi. Áhugavert er að bera saman fjölda ferðamanna á þessum tveimur stöðum. Eins og sést á 12. mynd eru ferðamenn sem koma að Illugastöðum um þrír fjórðu af þeim sem koma að Hvítserk um sumarið 2016, en um helmingur eða minna um haustið.




12. mynd. Ferðamenn sem koma að Hvítserk og Illugastöðum sumarið 2016 samkvæmt talningum skýrsluhöfunda.

Af 13. og 14. mynd sést að nokkur aukning hefur orðið síðustu ár á umferð um þjóðveg 711. Aukningin getur þó ekki talist mikil miðað við marga aðra staði á landinu. Talningar Vegagerðarinnar ná fram til ársins 2015 en samkvæmt talningum höfunda skýrslunnar hefur orðið allmikil fjölgun við Hvítserk milli áranna 2015 og 2016. Því má búast við að umferð hafi aukist töluvert á þjóðvegi 711 milli áranna 2015 og 2016.



13. mynd. Þjóðvegur 711-01 á vestanverðu Vatnsnesi norðan Hvammstanga.




14. mynd. Þjóðvegur 711-07, austurendi við þjóðveg 1 hjá Vatnshorni.

Á 15. mynd er kort af Vatnsnesi. Þar er sýnt með númerum hvar skynditalningar Vegagerðarinnar voru gerðar árið 2014. Niðurstöður úr skynditalningunum eru sýndar á 16. mynd og vísað í númerin á 15. mynd. Þær sýna að fleiri koma austan frá en vestan frá að Hvítserk. Af myndinni má draga þær lauslegu ályktanir að þeir sem fara að Hvítserk að austan komi nokkuð jafnt eftir þjóðvegum 716 og 711 við Vatnshorn. Könnunin var gerð í kringum mánaðamótin ágúst/september og þarf því að taka henni með nokkrum fyrirvara hvað varðar ferðafólk.



15. mynd. Kort af Vatnsnesi sem sýnir vegakerfið og hvar skynditalningar Vegagerðarinnar voru gerðar sumarið 2014.



Vegkaflir	Staðsetning og vegnúmer
1	711-01 Vatnsnesvegur við Ánastaðastapa
3	711-03 Vatnsnesvegur norðan Illugastaða
4	711-04 Vatnsnesvegur Hindisvík
5	711-05 Vatnsnesvegur norðan Borgarvegar
7	711-07 Vatnsnesvegur við Hringveg
10	716-01 Síðuvegur við Þjóðveg #1
11	713-01 Hvítserksvegur Umferð


16. mynd. Skyndikannanir Vegagerðarinnar á Vatnsnesi 28. ágúst til 9. september 2014.

3.6 Mývatnssveit


Í Mývatnssveit hafa höfundar skýrslunnar talið frá því í byrjun júlí 2015. Þar er talið á afleggjurum að Dimmuborgum, Hverfjalli og hverasvæðinu í Námaskarði.

Vegagerðin telur bifreiðar á þjóðvegi 1 báðum megin við Mývatnssveit, að vestan á Mývatnsheiði, stöð 1-q9 og að austan á Mývatnsöræfum, stöð 1-r4. Einnig telur Vegagerðin á þjóðvegi númer 87 á Hólasandi. Vegagerðin telur því á öllum vegum sem liggja að Mývatnssveit og er áhugavert að bera þær talningar saman við talningar höfunda skýrslunnar á ferðamannastöðum í Sveitinni. Þar sem gögn Vegagerðarinnar ná aðeins til ársins 2015, en talningar höfunda hefjast í júlí 2015, verður tímabilið júlí til desember 2015 notað í samanburði.


Af 17., 18. og 19. mynd má sjá að umferð á vegum sem liggja til Mývatnssveitar hefur aukist mikið frá árinu 2011 til ársins 2015. Aukningin var 44% á Mývatnsheiði, 55% á Mývatnsöræfum og 29% á Hólasandi. Aukningin er á vorin, sumrin og haustin, en um hávetur hefur umferð lítið breyst.



17. mynd. Talningar Vegagerðarinnar á Mývatnsheiði (umferð, ekki deilt með 2).



18. mynd. Talningar Vegagerðarinnar á Mývatnsöræfum (umferð, ekki deilt með 2).



19. mynd. Talningar Vegagerðarinnar á Hólasandi (umferð, ekki deilt með 2).


Áhugavert er að nota talningar Vegagerðarinnar til að finna hve margir ferðamenn koma í Mývatnssveit. Til þess er umferð á þessum þremur aðkomuleiðum þangað lögð saman. Gert er ráð fyrir að allir sem koma í Mývatnssveit fari þaðan aftur og er því deilt í heildarumferðina með tveimur. Á tímabilinu júlí til desember 2015 komu samkvæmt þessum forsendum 156 þúsund bílar í Mývatnssveit.

Sé reynt að finna frá bifreiðatalningunum hve margir af þeim eru á leið í gegnum Sveitina og eru því ekki ferðamenn þar, má reyna ýmsar nálganir. Ein nálgun gæti verið að nánast allir sem þarna fara um mánuðina janúar, febrúar, nóvember og desember séu að fara beint í gegn.

Séu til dæmis að aka í gegnum Sveitina frá Akureyri til Egilsstaða. Umferð þessa mánuði breyttist mjög lítið á þeim árum sem talningar ná yfir, það er frá árinu 2011 til 2015. Því er tekið meðaltal umferðar þessa mánuði öll árin og dregið frá umferðinni í hverjum mánuði og fæst þannig nálgun á fjölda ferðamanna sem kemur í Mývatnssveit.

Þegar búið er að áætla fjölda ferðamanna í Sveitinni má áætla hve stór hluti þeirra heimsækir þá þrjá áfangastaði sem höfundar skýrslunnar telja á í Mývatnssveit (262., 276. og 286. mynd). Úr því fæst að 98% af þeim sem koma í Sveitina heimsækja hverasvæðið við Námaskarð, 58% Dimmuborgir og 36% Hverfjall (20. mynd.).

Einnig má nota þessar tölur til að áætla hve mikið ferðamönnum hefur fjölgað í Mývatnssveit frá árinu 2011 til ársins 2015. Yfir allt árið er fjölgunin um 45%, í ágúst um 50%, í maí um 85% og í september um 95%. Fjölgunin er mun minni yfir vetrarmánuðina en á öðrum tímum ársins.



20. mynd. Ferðaleiðir við Mývatn í ágúst 2015. Hlutfall ferðamanna sem kemur eftir mismunandi leiðum í Sveitina (*) og hlutfall ferðamanna sem heimsækir helstu áfangastaði (**).

4 Tölulegar niðurstöður

4.1 Suðurland

4.1.1 Hakið á Þingvöllum

Byrjað var að telja í júní árið 2014 á Hakinu á Þingvöllum. Árið 2015 komu þangað um 700 þúsund gestir en árið 2016 komu um tólf hundruð þúsund gestir.

Í 3. og 4. töflu er settur fram meðalfjöldi bifreiða og gesta á dag eftir tímabilum við Hakið á Þingvöllum. Á milli áranna 2015 og 2016 var tæplega tvöföldun síðla vetrar, í vetrarlok og um vor. Á milli áranna 2014 og 2016 var tæplega tvöföldun á háönn, tvöföldun að hausti og rúmlega tvöföldun framan af vetri. Á milli áranna 2014 og 2015 var tæplega tvöföldun á tímabilinu hávetur.


3. tafla. Hakið á Þingvöllum: Meðalfjöldi bifreiða á dag.

	2014	2015	2016
Síðla vetrar		198	358
Vetrarlok		279	505
Vor		497	781
Háönn	600	605	898
Haust	398	501	790
Framan af vetri	229	316	544
Hávetur	131	221	


4. tafla. Hakið á Þingvöllum: Meðalfjöldi gesta á dag.

	2014	2015	2016
Síðla vetrar		1.252	2.265
Vetrarlok		1.628	2.940
Vor		2.651	4.163
Háönn	3.498	3.528	5.235
Haust	2.515	3.166	4.991
Framan af vetri	1.559	2.152	3.705
Hávetur	890	1.506	

Á 21. og 22. mynd er heildarfjöldi bifreiða og gesta eftir tímabilum settur fram.




21. mynd. Hakið á Þingvöllum: Bifreiðar á tímabili.




22. mynd. Hakið á Þingvöllum: Gestir á tímabili.

Á 23. og 24. mynd er settur fram fjöldi bifreiða og gesta eftir vikum við Hakið á Þingvöllum. Í 12. viku 2016 var aukning en þá var Dymbilvikan, það er vikan fyrir páska.




23. mynd. Hakið á Þingvöllum: Bifreiðar á viku.




24. mynd. Hakið á Þingvöllum: Gestir á viku.

Á 25. og 26. mynd er settur fram fjöldi eftir mánuðum. Í 5. töflu er sett fram hlutfallsleg breyting á milli mánaða í fjölda gesta frá því í júlí 2014. Einnig er sett fram hlutfallsleg breyting í fjölda gesta á milli áranna 2015 og 2016. Hlutfallslega er aukningin meiri utan hefðbundinna sumarmánaða júní, júlí og ágúst (5. tafla).



25. mynd. Hakið á Þingvöllum: Bifreiðar á mánuði.




26. mynd. Hakið á Þingvöllum: Gestir á mánuði.


5. tafla. Hakið á Þingvöllum: Hlutfallsleg breyting í fjölda gesta.

	2015	2016
Janúar		63%
Febrúar		77%
Mars		98%
Apríl		62%
Maí		70%
Júní		55%
Júlí	2%	50%
Ágúst	15%	50%
September	28%	75%
Október	46%	80%
Nóvember	39%	99%
Desember	54%	116%
Breyting (%):		69%

Á 27. og 28. mynd er settur fram meðalfjöldi bifreiða og gesta eftir klukkustundum á háönn.




27. mynd. Hakið á Þingvöllum: Bifreiðar á klukkustund á háönn.




28. mynd. Hakið á Þingvöllum: Gestir á klukkustund á háönn.

Á 29. og 30. mynd er settur fram meðalfjöldi bifreiða og gesta eftir vikudögum á háönn.




29. mynd. Hakið á Þingvöllum: Bifreiðar eftir vikudögum á háönn.




30. mynd. Hakið á Þingvöllum: Gestir eftir vikudögum á háönn.

Á 31. og 32. mynd er settur fram meðalfjöldi bifreiða og gesta eftir klukkustundum um hávetur.




31. mynd. Hakið á Þingvöllum: Bifreiðar á klukkustund um hávetur.




32. mynd. Hakið á Þingvöllum: Gestir á klukkustund um hávetur.

Á 33. og 34. mynd er settur fram meðalfjöldi bifreiða og gesta eftir vikudögum um hávetur. Flestir koma á laugardögum eða rúmlega 250 bifreiðar og tæplega 18 hundruð gestir. Á föstudögum og sunnudögum koma sinn hvorn daginn rúmlega 200 bifreiðar og um 15 hundruð gestir. Aðra vikudaga koma innan við 200 bifreiðar og tæplega 14 hundruð gestir.



33. mynd. Hakið á Þingvöllum: Bifreiðar eftir vikudögum um hávetur.



34. mynd. Hakið á Þingvöllum: Gestir eftir vikudögum um hávetur.

4.1.2 Sólheimajökull

Vegagerðin taldi við Sólheimajökul frá árinu 2011 til ársins 2014. Tímabilið síðla vetrar 2014 var talið af Vegagerðinni. Skýrsluhöfundar byrjuðu að telja við Sólheimajökul vorið 2014.

Árið 2011 komu um 82 þúsund gestir að Sólheimajökli og árið 2012 komu um 112 þúsund gestir. Árin 2013 og 2014 vantar gögn til að reikna út heildarfjölda yfir árið en árið 2015 komu um tvö hundruð þúsund gestir og árið 2016 komu rúmlega 300 þúsund.

Frá árinu 2011 til 2016 hefur orðið um fimmföldum á tímabilunum síðla vetrar og framan af vetri. Á tímabilinu vetrarlok, vor, haust og hávetur hefur fjöldinn þrefaldast. Minni aukning hefur orðið á háönn eða rétt rúmlega tvöföldun (6. og 7. tafla).


6. tafla. Sólheimajökull: Meðalfjöldi bifreiða á dag.

	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Síðla vetrar	20	35		59	58	97
Vetrarlok	37	44			86	140
Vor	75	87	112	141	155	215
Háönn	105	125	143	179	177	257
Haust	69	99	113		170	259
Framan af vetri	31	45	59		101	166
Hávetur	18	29	34	35	59	


7. tafla. Sólheimajökull: Meðalfjöldi gesta á dag.

	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Síðla vetrar	144	250		423	413	693
Vetrarlok	213	253			491	802
Vor	322	376	483	608	667	924
Háönn	526	628	719	896	889	1.290
Haust	396	567	649		974	1.483
Framan af vetri	197	287	382		647	1.071
Hávetur	130	205	244	247	421	

Á 35. og 36. mynd er settur fram heildarfjöldi bifreiða og gesta á tímabili.




35. mynd. Sólheimajökull: Bifreiðar á tímabili.




36. mynd. Sólheimajökull: Gestir á tímabili.

Á 37. og 38. viku er settur fram fjöldi eftir vikum. Í 12. viku 2016 var aukning en þá var Dymbilvikan, það er vikan fyrir páska.




37. mynd. Sólheimajökull: Bífreiddar á viku.




38. mynd. Sólheimajökull: Gestir á viku.

Á 39. og 40. mynd er settur fram fjöldi eftir mánuðum við Sólheimajökul og í 8. töflu er sett fram hlutfallsleg breyting á milli mánaða og ára.



39. mynd. Sólheimajökull: Bifreiðar á mánuði.




40. mynd. Sólheimajökull: Gestir á mánuði.

8. tafla. Sólheimajökull: Hlutfallsleg breyting í fjölda gesta.


	2012	2013	2014	2015	2016
Janúar	30%	95%	19%	-6%	66%
Febrúar	85%	63%	5%	-13%	72%
Mars	88%	99%	-2%	-7%	90%
Apríl	40%				51%
Maí	39%				53%
Júní	3%	36%	27%	8%	43%
Júlí	30%	15%	24%	2%	34%
Ágúst	33%	7%			44%
September	39%	31%			78%
Október	48%	27%			68%
Nóvember	3%	35%	27%	24%	76%
Desember	159%	24%	-14%	78%	97%
Breyting (%):	37%				59%

Teljarar Vegargerðarinnar geyma gögnin eftir dögum en ekki klukkustundum eins og teljarar skýrsluhöfunda. Því eru upplýsingarnar á 41. til 48. myndar einungis til fyrir árin 2014 til 2016.

Á 41. og 42. mynd er settur fram meðalfjöldi bifreiða og gesta eftir klukkustundum á háönn.




41. mynd. Sólheimajökull: Bifreiðar á klukkustund á háönn.




42. mynd. Sólheimajökull: Gestir á klukkustund á háönn.

Á 43. og 44. mynd er settur fram meðalfjöldi bifreiða og gesta eftir vikudögum á háönn.




43. mynd. Sólheimajökull: Bifreiðar eftir vikudögum á háönn.




44. mynd. Sólheimajökull: Gestir eftir vikudögum á háönn.

Á 45. og 46. mynd er settur fram meðalfjöldi bifreiða og gesta eftir klukkustundum um hávetur.




45. mynd. Sólheimajökull: Bifreiðar á klukkustund um hávetur.




46. mynd. Sólheimajökull: Gestir á klukkustund um hávetur.

Á 47. og 48. mynd er settur fram meðalfjöldi bifreiða og gesta eftir vikudögum um hávetur. Bæði árin koma færri á fimmtudögum en aðra daga. Árið 2014 komu milli 30 og 40 bifreiðar aðra daga en fimmtudaga með um 200 til 300 gesti. Árið 2015 komu um 50 til 60 bifreiðar á dag aðra daga en fimmtudaga með um 350 til 450 gesti.



47. mynd. Sólheimajökull: Bifreiðar eftir vikudögum um hávetur.



48. mynd. Sólheimajökull: Gestir eftir vikudögum um hávetur.

4.1.3 Fjaðrárgljúfur

Byrjað var að telja við Fjaðrárgljúfur í maí 2015. Árið 2016 komu rúmlega 150 þúsund gestir í Fjaðrárgljúfur.

Meðalfjöldinn eftir tímabilum hefur um það bil tvöfaldast á hverju tímabili á milli áranna 2015 og 2016, það er vori, háönn, hausti og framan af vetri (9. og 10. tafla).


9. tafla. Fjaðrárgljúfur: Meðalfjöldi bifreiða á dag.

	2015	2016
Síðla vetrar		12
Vetrarlok		125
Vor	129	216
Háönn	158	282
Haut	148	276
Framan af vetri	71	150
Hávetur	15	


10. tafla. Fjaðrárgljúfur: Meðalfjöldi gesta á dag.

	2015	2016
Síðla vetrar		42
Vetrarlok		437
Vor	452	756
Háönn	551	985
Haut	518	964
Framan af vetri	248	523
Hávetur	52	

Á 49. og 50. mynd er settur fram heildarfjöldi eftir tímabilum við Fjaðrárgljúfur.




49. mynd. Fjaðrárgljúfur: Bifreiðar á tímabili.




50. mynd. Fjaðrárgljúfur: Gestir á tímabili.

Á 51. og 52. mynd er settur fram fjöldi eftir vikum við Fjaðrárgljúfur.




51. mynd. Fjaðrárgljúfur: Bifreiðar á viku.




52. mynd. Fjaðrárgljúfur: Gestir á viku.

Á 53. og 54. mynd er settur fram fjöldi eftir mánuðum. Mikil fjölgun hefur átt sér stað á milli ára við Fjaðrárgljúfur, sér í lagi utan háannar (11. tafla).



53. mynd. Fjaðrárgljúfur: Bifreiðar á mánuði.




54. mynd. Fjaðrárgljúfur: Gestir á mánuði.


11. tafla. Fjaðrárgljúfur: Hlutfallsleg breyting í fjölda gesta.

2016	
Janúar	
Febrúar	
Mars	
Apríl	
Maí	118%
Júní	56%
Júlí	73%
Ágúst	81%
September	117%
Október	155%
Nóvember	183%
Desember	596%

Á 55. og 56. mynd er settur fram meðalfjöldi bifreiða og gesta eftir klukkustundum á háönn.




55. mynd. Fjaðrárgljúfur: Bifreiðar á klukkustund á háönn.




56. mynd. Fjaðrárgljúfur: Gestir á klukkustund á háönn.

Á 57. og 58. mynd er settur fram meðalfjöldi bifreiða og gesta eftir vikudögum á háönn.




57. mynd. Fjaðrárgljúfur: Bifreiðar eftir vikudögum á háönn.




58. mynd. Fjaðrárgljúfur: Gestir eftir vikudögum á háönn.

Á 59. og 60. mynd er settur fram meðalfjöldi bifreiða og gesta eftir klukkustundum um hávetur.




59. mynd. Fjaðrárgljúfur: Bifreiðar á klukkustund um hávetur.




60. mynd. Fjaðrárgljúfur: Gestir á klukkustund um hávetur.

Á 61. og 62. mynd er settur fram meðalfjöldi bifreiða og gesta eftir vikudögum um hávetur.



61. mynd. Fjaðrárgljúfur: Bifreiðar eftir vikudögum um hávetur.



62. mynd. Fjaðrárgljúfur: Gestir eftir vikudögum um hávetur.

4.1.4 Fjallsárlón

Byrjað var að telja við Fjallsárlón í lok árs 2014. Ári seinna var teljarinn tekinn niður vegna vegaframkvæmda á aðkomuveginum að Fjallsárlóni. Hann var síðan settur upp aftur í lok árs 2016. Vegna þess hve talningin hefur verið slitrótt er einungis hægt að bera saman eitt tímabil frá 2014 til 2016, framan af vetri, en á þeim tíma hefur meðalfjöldinn yfir daginn þrefaldast (12. og 13. tafla).


12. tafla. Fjallsárlón: Meðalfjöldi bifreiða á dag.

	2014	2015	2016
Síðla vetrar		26	
Vetrarlok		81	
Vor		253	
Háönn		359	
Haust		344	385
Framan af vetri	49	100	162
Hávetur	10		


13. tafla. Fjallsárlón: Meðalfjöldi gesta á dag.

	2014	2015	2016
Síðla vetrar		90	
Vetrarlok		282	
Vor		886	
Háönn		1.256	
Haust		1.203	1.347
Framan af vetri	172	350	566
Hávetur	35		

Á 63. og 64. mynd er heildarfjöldi eftir tímabilum settur fram.




63. mynd. Fjallsárlón: Bifreiðar á tímabili.




64. mynd. Fjallsárlón: Gestir á tímabili.

Á 65. og 66. mynd sést dreifingin yfir árið eftir vikum.




65. mynd. Fjallsárlón: Bifreiðar á viku.




66. mynd. Fjallsárlón: Gestir á viku.

Á 67. og 68. mynd er fjöldinn eftir mánuðum settur fram. Í 14. töflu er sett fram hlutfallsleg breyting á milli mánaða. Í 15. töflu er sett fram hlutfallsleg breyting á milli mánaða en gæta þarf að því að það er á tveggja ára tímabili milli áranna 2014 og 2016. Í desember 2014 til 2016 var um 18 földun en þá fjölgaði úr rúmlega 200 gestum í tæplega fjögur þúsund.



67. mynd. Fjallsárlón: Bifreiðar á mánuði.



68. mynd. Fjallsárlón: Gestir á mánuði.


14. tafla. Fjallsárlón: Hlutfallsleg breyting í fjölda gesta.

	2015	2016
Janúar		
Febrúar		
Mars		
Apríl		
Maí		
Júní		
Júlí		
Ágúst		
September	48%	52%
Október	86%	90%
Nóvember		
Desember		


15. tafla. Fjallsárlón: Hlutfallsleg breyting í fjölda gesta 2014 til 2016.

	2014 til 2016
Janúar	
Febrúar	
Mars	
Apríl	
Maí	
Júní	
Júlí	
Ágúst	
September	125%
Október	253%
Nóvember	262%
Desember	1.772%

Á 69. og 70. mynd er settur fram meðalfjöldi bifreiða og gesta eftir klukkustundum á háönn.




69. mynd. Fjallsárlón: Bifreiðar á klukkustund á háönn.




70. mynd. Fjallsárlón: Gestir á klukkustund á háönn.

Á 71. og 72. mynd er settur fram meðalfjöldi bifreiða og gesta eftir vikudögum á háönn.




71. mynd. Fjallsárlón: Bifreiðar eftir vikudögum á háönn.




72. mynd. Fjallsárlón: Gestir eftir vikudögum á háönn.

Á 73. og 74. mynd er settur fram meðalfjöldi bifreiða og gesta eftir klukkustundum um hávetur við Fjallsárlón.




73. mynd. Fjallsárlón: Bifreiðar á klukkustund um hávetur.




74. mynd. Fjallsárlón: Gestir á klukkustund um hávetur.

Á 75. og 76. mynd er settur fram meðalfjöldi bifreiða og gesta eftir vikudögum um hávetur.



75. mynd. Fjallsárlón: Bifreiðar eftir vikudögum um hávetur.



76. mynd. Fjallsárlón: Gestir eftir vikudögum um hávetur.

4.1.5 Jökulsárlón

Byrjað var að telja við Jökulsárlón árið 2012. Árin 2012 og 2013 vantar gögn til að reikna út heildarfjölda yfir árið en árið 2014 komu tæplega 350 þúsund gestir að Jökulsárlóni og árið 2015 komu tæplega 450 þúsund gestir, en árið 2016 komu tæplega 650 þúsund gestir.

Á tímabilinu síðla vetrar hefur fjöldinn tvöfaldast frá árinu 2014 til 2016. Á tímabilinu vetrarlok hefur fjöldinn fjórfaldast frá árinu 2012 til 2016. Á tímabilunum vor og háönn hefur fjöldinn tvöfaldast, þrefaldast um haustið og sexfaldast framan af vetri frá árinu 2012 til 2016. Á tímabilinu hávetur hefur orðið sexföldun frá árinu 2012 til 2015 (16. og 17. tafla).


16. tafla. Jökulsárlón: Meðalfjöldi bifreiða á dag.

	2012	2013	2014	2015	2016
Síðla vetrar			122	217	351
Vetrarlok	122		215	319	516
Vor	372		600	707	927
Háönn	606		879	936	1.169
Haust	385		664	817	1.008
Framan af vetri	99	103	235	387	562
Hávetur	32	55	103	189	


17. tafla. Jökulsárlón: Meðalfjöldi gesta á dag.

	2012	2013	2014	2015	2016
Síðla vetrar			365	648	1.051
Vetrarlok	370		653	971	1.571
Vor	1.151		1.858	2.189	2.869
Háönn	1.908		2.767	2.947	3.680
Haust	1.185		2.043	2.516	3.104
Framan af vetri	299	311	708	1.165	1.691
Hávetur	97	166	310	566	

Á 77. og 78. mynd er settur fram heildarfjöldi eftir tímabilum.




77. mynd. Jökulsárlón: Bifreiðar á tímabili.




78. mynd. Jökulsárlón: Gestir á tímabili.

Á 79. og 80. mynd er settur fram fjöldi eftir vikum yfir árið.




79. mynd. Jökulsárlón: Bifreiðar á viku.




80. mynd. Jökulsárlón: Gestir á viku.

Á 81. og 82. mynd er settur fram fjöldi eftir mánuðum og í 18. töflu er sett fram hlutfallsleg breyting á milli mánaða og ára þar sem til eru gögn.



81. mynd. Jökulsárlón: Bífreiddar á mánuði.




82. mynd. Jökulsárlón: Gestir á mánuði.


18. tafla. Jökulsárlón: Hlutfallsleg breyting í fjölda gesta.

	2013	2014	2015	2016
Janúar		76%	101%	46%
Febrúar			81%	79%
Mars			58%	88%
Apríl			40%	43%
Maí			72%	42%
Júní			23%	24%
Júlí			4%	22%
Ágúst			15%	27%
September			44%	46%
Október	48%	62%	60%	67%
Nóvember	66%	91%	63%	105%
Desember	80%	93%	59%	152%
Breyting (%):			30%	43%

Á 83. og 84. mynd er settur fram meðalfjöldi bifreiða og gesta eftir klukkustundum á háönn. Ekki eru til háannargögn fyrir árið 2013.




83. mynd. Jökulsárlón: Bifreiðar á klukkustund á háönn.




84. mynd. Jökulsárlón: Gestir á klukkustund á háönn.

Á 85. og 86. mynd er settur fram meðalfjöldi bifreiða og gesta eftir vikudögum á háönn. Ekki eru til háannargögn fyrir árið 2013.




85. mynd. Jökulsárlón: Bifreiðar eftir vikudögum á háönn.




86. mynd. Jökulsárlón: Gestir eftir vikudögum á háönn.

Á 87. og 88. mynd er settur fram meðalfjöldi bifreiða og gesta eftir klukkustundum um hávetur.




87. mynd. Jökulsárlón: Bifreiðar á klukkustund um hávetur.




88. mynd. Jökulsárlón: Gestir á klukkustund um hávetur.

Á 89. og 90. mynd er settur fram meðalfjöldi bifreiða og gesta eftir vikudögum um hávetur.



89. mynd. Jökulsárlón: Bifreiðar eftir vikudögum um hávetur.



90. mynd. Jökulsárlón: Gestir eftir vikudögum um hávetur.

4.1.6 Fláajökull

Byrjað var að telja við Fláajökul vorið 2016. Í 19. og 20. töflu er settur fram meðalfjöldi bifreiða og gesta á dag eftir tímabilum við Fláajökul.


19. tafla. Fláajökull: Meðalfjöldi bifreiða á dag.

2016	
Síðla vetrar	
Vetrarlok	
Vor	28
Háönn	34
Haut	29
Framan af vetri	11
Hávetur	


20. tafla. Fláajökull: Meðalfjöldi gesta á dag.

2016	
Síðla vetrar	
Vetrarlok	
Vor	85
Háönn	103
Haut	88
Framan af vetri	33
Hávetur	

Á 91. og 92. mynd er settur fram heildarfjöldi eftir tímabilum árið 2016.




91. mynd. Fláajökull: Bifreiðar á tímabili.




92. mynd. Fláajökull: Gestir á tímabili.

Á 93. og 94. mynd er sett fram dreifing eftir vikum yfir árið frá 18. viku 2016.




93. mynd. Fláajökull: Bifreiðar á viku.




94. mynd. Fláajökull: Gestir á viku.

Þá mánuði sem talið var við Fláajökul komu flestir í ágúst og svo í júlí (95. og 96. mynd).




95. mynd. Fláajökull: Bifreiðar á mánuði.




96. mynd. Fláajökull: Gestir á mánuði.

Á 97. og 98. mynd er settur fram meðalfjöldi bifreiða og gesta eftir klukkustundum á háönn.




97. mynd. Fláajökull: Bifreiðar á klukkustund á háönn.




98. mynd. Fláajökull: Gestir á klukkustund á háönn.

Á 99. og 100. mynd er settur fram meðalfjöldi bifreiða og gesta eftir vikudögum á háönn.



99. mynd. Fláajökull: Bifreiðar eftir vikudögum á háönn.



100. mynd. Fláajökull: Gestir eftir vikudögum á háönn.

4.1.7 Litla Horn

Byrjað var að telja við Litla Horn árið 2011. Teljarinn telur þá sem fara niður á Stokksnes. Árin 2011 til 2013 eru ekki til gögn til að reikna út heildarfjölda yfir árið við Litla Horn. Árið 2014 komu tæplega 70 þúsund gestir að Litla Horni, rúmlega 90 þúsund árið 2015 og tæplega 130 þúsund árið 2016.

Í 21. og 22. töflu er settur fram meðalfjöldi bifreiða og gesta á dag eftir tímabilum. Síðla vetrar og í vetrarlok hefur orðið þreföldun frá árinu 2012 til ársins 2016. Frá árinu 2011 til 2016 hefur orðið þreföldun að vori og um háönn, fjórföldun að hausti og sexföldun framan af vetri. Frá árinu 2011 til 2015 hefur orðið fjórföldun um hávetur.


21. tafla. Litla Horn: Meðalfjöldi bifreiða á dag.

	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Síðla vetrar		28		42	70	81
Vetrarlok		45	47	58	80	123
Vor	80	91	97	134	159	208
Háönn	97	143	136	156	190	257
Haust	63		96	124	163	228
Framan af vetri	23		40	52	83	132
Hávetur	10		25	30	39	


22. tafla. Litla Horn: Meðalfjöldi gesta á dag.

	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Síðla vetrar		79		117	196	228
Vetrarlok		127	130	164	224	345
Vor	224	254	271	375	447	582
Háönn	270	400	380	436	531	719
Haust	177		268	347	456	640
Framan af vetri	63		113	146	233	371
Hávetur	28		69	85	108	

Á 101. og 102. mynd er settur fram heildarfjöldi bifreiða og gesta við Litla Horn.




101. mynd. Litla Horn: Bifreiðar á tímabili.




102. mynd. Litla Horn: Gestir á tímabili.

Fjöldi bifreiða og fjöldi gesta eftir vikum er settur fram á 103. og 104. mynd.




103. mynd. Litla Horn: Bifreiðar á viku.




104. mynd. Litla Horn: Gestir á viku.

Á 105. og 106. mynd er fjöldi eftir mánuðum settur fram. Í 23. töflu er sett fram hlutfallsleg breyting milli mánaða og ára.



105. mynd. Litla Horn: Bifreiðar á mánuði.




106. mynd. Litla Horn: Gestir á mánuði.


23. tafla. Litla Horn: Hlutfallsleg breyting í fjölda gesta.

	2012	2013	2014	2015	2016
Janúar				7%	42%
Febrúar				112%	-41%
Mars				23%	70%
Apríl				33%	35%
Maí	35%	2%	21%	53%	41%
Júní	1%	16%	45%	19%	26%
